



Hugvísindasvið

# Mórauður hundur á dyramottunni

*Guðrún frá Lundi og Indriði G. Þorsteinsson - gamla íslenska  
sveitasamfélagið í Dalalífi og Landi og sonum*

Ritgerð til B.A.-prófs

Guðrún Jónsdóttir

Janúar 2010

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslenska

# Mórauður hundur á dyramottunni

*Guðrún frá Lundi og Indriði G. Þorsteinsson - gamla íslenska  
sveitasamfélagið í Dalalífi og Landi og sonum*

Ritgerð til BA prófs

Guðrún Jónsdóttir 161057 3129

Jón Yngvi Jóhannsson

Janúar 2010

*Efnisyfirlit*

<b>1. Inngangur</b> .....	<b>2</b>
<b>1.1 Efni</b> .....	<b>2</b>
<b>1.2 Aðferðafræði</b> .....	<b>4</b>
<b>1.3 Viðfangsefni bókana</b> .....	<b>5</b>
<b>2. Höfundarnir – helstu æviatriði</b> .....	<b>7</b>
<b>2.1 Guðrún Baldvina Árnadóttir</b> .....	<b>7</b>
<b>2.2 Indriði Guðmundur Þorsteinsson</b> .....	<b>8</b>
<b>3. Skyggst dýpra</b> .....	<b>10</b>
<b>3.1 Guðrún</b> .....	<b>10</b>
3.1.1 Menntun.....	11
3.1.2 Skriftir.....	13
3.1.3 Menningarsamfélag kvenna.....	15
<b>3.2 Indriði</b> .....	<b>16</b>
3.2.1 Aðstæður og eldri hættir.....	16
3.2.2 Þorsteinn Magnússon.....	17
3.2.3 Tvennir tímar.....	19
3.2.4 Kveðjustund.....	20
<b>4. Stíll</b> .....	<b>21</b>
<b>5. Ytra umhverfi</b> .....	<b>22</b>
<b>6. Bókmenntaheimurinn</b> .....	<b>23</b>
<b>7. Samfélagið</b> .....	<b>27</b>
<b>8. Raddir</b> .....	<b>28</b>
<b>8.1 Dalalíf</b> .....	<b>28</b>
8.1.1 Á fölskum forsendum.....	28
8.1.2 Þröngsýni.....	30
8.1.3 Hjátrú, öfund og slúður.....	31
8.1.4 Nágrannahjálpar og réttindi kvenna.....	32
8.1.5 Vinnuþrælkun og höfðingjar.....	34
8.1.6 Leiðin burt.....	37
8.1.7 Skuggahliðar.....	38
8.1.8 Tvær hliðar.....	38
8.1.9 Hlutskipti.....	39
<b>8.2 Land og synir</b> .....	<b>40</b>
8.2.1 Meginskilaboð.....	40
8.2.2 Að fara eða vera.....	42
8.2.3 Skáldið.....	45
8.2.4 Gagnrýni og áhrif hennar.....	46
<b>9. Niðurlag</b> .....	<b>49</b>
<b>9.1 Hamingjan</b> .....	<b>49</b>
<b>9.2 Örlög og bókmenntir</b> .....	<b>51</b>
<b>9.3 Viðurkenning – hvers?</b> .....	<b>52</b>
<b>10. Lokaorð</b> .....	<b>53</b>
<b>11. Eftirmáli</b> .....	<b>53</b>
<b>12. Heimildaskrá</b> .....	<b>55</b>

*Enn þá vakir einhver þrá  
innst í hugans línun.  
Alltaf finn ég ylenn frá  
æskustöðvum mínum.*

*Þar var allt til ununar  
út við bláan sæinn.  
Man ég grænu grundirnar  
og gamla sveitabæinn.*

**Angantýr Jónsson**

## **1. Inngangur**

Angantýr Jónsson bjó um tíma á Ytra-Mallandi á Skaga.<sup>1</sup> Hann var sonur Guðrúnar frá Lundi<sup>2</sup> og Jóns Þorfinnssonar og man eftir gamla sveitabænum úr æsku sinni. Hér kveður hann um þrána eftir lífinu í sveitinni, sem er fallett og gott í minningunni.

Langt er nú um liðið síðan gamli íslenski torfbærinn var upp á sitt besta og á síðustu öld urðu miklar breytingar á daglegum háttum og lífi Íslendinga. Segja má að þjóðin hafi á nokkrum áratugum farið úr kyrrstæðu sveitasamfélagi frumstæðra háttá inn í tæknivædda framtíð með tilheyrandi hraða og áreiti á einstaklinginn. Indriði G. Þorsteinsson lýsir þannig að mesta barátta hans sem rithöfundar hafi verið að vera ekki melankólískur af þessum sökum. „Melankólían er svona eins og mórauður hundur á dyramottunni, maður passar að hleypa honum ekki inn, því þá kannski stórskemmir hann fyrir manni ritverkið, rífur það í sig" (Illugi Jökulsson 1982:16). Af þessum orðum er heiti ritgerðarinnar dregið.

### **1.1 Efni**

Hér verður skrifað um þá mynd sem Guðrún frá Lundi og Indriði G. Þorsteinsson draga upp af gamla íslenska sveitasamfélaginu á fyrri hluta 20. aldar. Skoðað verður hvað helst er líklegt til að hafa haft áhrif á þá mynd. Horft verður meðal annars til bakgrunns skáldanna en þau eru bæði upprunnin úr Skagafirði. Tvö verk þeirra verða skoðuð

---

<sup>1</sup> Angantýr (skírður Hilmar Angantýr en notaði ekki Hilmars nafnið) var fæddur 11. maí árið 1910 og lést árið 1983. Hann var hagamæltur og gaf út ljóðabækurnar Geislar og glæður (1962) og Huldar slóðir (1964). Þessar lausavísur er að finna á heimasíðu Héraðsskjalasafns Skagfirðinga á Sauðárkróki, sjá heimildaskrá. Ytra-Malland er stundum nefnt Ytra-Marland.

<sup>2</sup> Höfundarnafn Guðrúnar Baldvinu Árnadóttur og hér eftir oftast notað í ritgerðinni.

sérstaklega í þessu samhengi: Dalalíf eftir Guðrúnu og Land og synir eftir Indriða. Fjallað verður um beinar áherslur verkanna, en einnig um skoðanir sem mögulega eru undirliggjandi í textanum. Reynt verður að kafa djúpt í þau gögn sem fyrir hendi eru um efnið í þeim tilgangi að auka skilning og setja út frá því fram eigin ályktanir um skáld og verk.

Ritverkin tvö koma út á svipuðum tíma, um og upp úr miðbiki 20. aldar, Dalalíf 1946-51 og Land og synir 1963. Engu að síður eru þau skrifuð af fulltrúum tveggja kynslóða. Guðrún var fædd árið 1887 en Indriði 1926. Þarna á milli eru ekki bara rétt tæpir fjórir áratugir heldur einnig óvenju hröð þróun sem skapar breiðari gjá milli kynslóða en ella væri. Kristján B. Jónasson orðar það þannig að andstæða sveitar og borgar í Landi og sonum sé í raun andstæða Reykjavíkur viðreisnaráranna og sveitar kreppuáranna (Kristján B. Jónasson 1998:110). Með aukinni þéttbýlismyndun hafði þetta ekki síst áhrif á lífið í sveitum landsins og þá sérstaklega á uppvaxtarárum Indriða. Hann og Guðrún eiga það sameiginlegt að hafa ung upplifað veröld sem er nánast ókunnug seinni tíma fólki.

Í fjórða bindi Íslenskrar bókmenntasögu fjallar Dagný Kristjánsdóttir um breytingarnar á Íslandi eftir byrjun síðari heimsstyrjaldar. Hún segir að árið 1940 hafi sex af hverjum tíu íbúum Reykjavíkur verið aðflutt sveitafólk sem var alið upp í bændasamfélaginu til að gegna allt öðrum störfum og lifa öðru lífi. Börn þessa fólks hafi síðan orðið Reykvíkingar og haft allt aðra lífsreynslu en foreldrarnir. Dagný talar um þetta sem gjá á milli kynslóða en segir jafnframt: „En það opnaðist líka gjá innra með því fólki sem steig á milli heimanna tveggja, bændasamfélags og bæjarsamfélags. Allt þetta setti mark sitt svo um munaði á bókmenntir eftirstriðsáranna [...]“ (Dagný Kristjánsdóttir 2006:521).

Hér verður gerð grein fyrir lífshlaupi höfundanna og verkin sett í nokkuð samhengi við það. Meðal annars er þeirri spurningu velt upp hvort félagslegar aðstæður og ímynd hafi breytt einhverju varðandi ritferil þeirra og viðhorf. Leitað verður munnlegra heimilda hjá samferðafólki til að dýpka sýnina á persónuleika og vegferð skáldanna og öðlast betri skilning á ytri áhrifum á skrif þeirra.

## 1.2 Aðferðafræði

Hér verður að hluta til unnið með reynslu höfundanna og sögu, en það er á margan hátt ólíkt þeirri hugsun sem felst í nokkrum helstu bókmenntafræðikenningum 20. aldar. Ekki verður þetta þó gert með hreinni ævisögu- eða sálgreiningarlegri rannsóknaraðferð, sem miðar að því að skýra og túlka bókmenntaverk alfarið og nákvæmt í ljósi æviferils og skapgerðar skapara þess (Jakob Benediktsson 1998:317). Ekki verður heldur farið út á hinn jaðarinn, þ.e. að fylgja t.d. kenningum Roland Barthes frá árinu 1968<sup>3</sup> þar sem túlkun texta er í raun skilin frá ætlun og bakgrunni höfundarins. Þar er gert ráð fyrir að höfundurinn hverfi úr bókmenntunum og textinn lifi sjálfstæðu lífi. Þannig er það einungis hugarheimur og tengsl lesandans sem birtingarmynd verksins mótast af. Barthes hélt því fram að skrif væru þannig nokkurs konar uppræting raddar höfundarins; verk og höfundur væru í raun tvennt ólíkt. Bókmenntafræðin ætti að einbeita sér að verkinu; skoða innri tákneim þess og tengingu við orðræðu annarra texta, en ekki rýna í bakgrunn og ævi höfundarins.

Hér verður þessu að hluta til andmælt án þess þó að gert sé lítið úr hlutverki lesandans. Þannig verður farinn nokkurs konar millivegur. Kristín Marja Baldursdóttir viðhafði eftirfarandi orð í samtali við Egil Helgason þegar rætt var um málþing sem haldið var um verk hennar: „Það er líka svo magnað svona að mæta lesendum sínum því þarna er jú fólkíð sem heldur áfram að semja eftir að ég er hætt“ (Kristín Marja Baldursdóttir 2009). Þjóðverjinn Wolfgang Iser hefur skilgreint þetta svo að það sé listræn nálgun höfundarins sem setji verkið saman en fagurfræðileg nálgun lesandans, reynsla hans og minningar sem mótar það um leið og lesið er. Þannig getur lesandinn séð fleira en stendur á yfirborði textans og skilningur hans takmarkast jafnframt alltaf af hans eigin bakgrunni. Bókmenntaverk er því byggt á textanum annars vegar og skilningnum á honum hins vegar, nokkurskonar blanda eða samspil af hvoru tveggja. Ólíkir lesendur fylla einnig upp í eyður í texta á ólíkan hátt og sami lesandinn gerir það meira að segja á ólíkan hátt við hvern lestur. Enginn lestur eða túlkun á texta getur þannig gert grein fyrir öllum þeim tengingum sem hugsanlegar eru, öllum þeim möguleikum sem búa í

<sup>3</sup> Árið 1968 skrifaði franskur bókmenntafræðingurinn Roland Barthes fræga grein sem nefndist „Dauði höfundarins.“ Þar gerir hann ráð fyrir því að þegar lestur hefst sé höfundurinn sem slíkur að baki og gerð og túlkun lesandans sé það sem skipti máli.

textanum. En þær tengingar sem lesendur skapa helgast allar samt af ramma hins skrifaða texta (Iser 2000:189-204). Hér verður þess einmitt freistað að nema áherslur í Landi og sonum og Dalalífi og tengja þær jafnframt við þætti í bakgrunni höfundanna sem mögulega geta hafa verið áhrifavaldar á listræna nálgun í verkunum.

Meiningin er sem sagt að vinna bæði út frá sköpun textans og skilningi lesandans á honum. Guðrún frá Lundi og Indriði G. Þorsteinsson eiga sér það sameiginlegt að hafa átt æskuár sín í íslensku sveit í Skagafirði og vinna með það svæði í verkum sínum. Bæði verkin lýsa sveitasamfélaginu, en hvort á sinn hátt. Dalalíf er fyrsta meginverk Guðrúnar frá Lundi og þar er svo mörgu komið á framfæri sem hún hafði lengi viljað tjá sig um. Land og synir er meitluð bók, skrifuð af djúpri tilfinningu um sterk áhrif sveitameningarinnar á einstaklinginn, mat hans á æskuumhverfinu og þörfina til að brjóta sig lausan frá því. Að baki báðum verkunum er svo Skagafjörður, sem í senn er bernskuslóðir og sagnabrunnur beggja skálda.

Hér er áhugavert að skoða orð íslensks rithöfundar um annan slíkan, en í minningarorðum um Indriða segir Matthías Johannessen: „Indriði G. Þorsteinsson lifði margar ævir. Hann var rithöfundur, framkvæmdastjóri, ritstjóri, hvarvetna í fremstu víglínu. Styrkur hans sú íslenska þjóðmenning og þúsund ára arfleifð sem setti mark sitt á æskuumhverfið í Skagafirði. Þessi arfleifð var umgjörð fræknustu afreka Indriða G. Þorsteinssonar, skáldsagna sem spruttu út úr umhverfi hans sjálfs“ (Matthías Johannessen 2000:36).

Ennfremur verður leitast við að skýra sterka löngun höfundanna tveggja til að tjá sig um viðfangsefnið og greina hvað þau vilja segja. Þessi efnismeðferð verður rökstudd og útfærð í gegnum alla ritgerðina.

### 1.3 Viðfangsefni bókanna

Vegna þessa er ekki síst leitað fanga í menningarsamfélaginu sem Guðrún og Indriði þekktu í æsku og tilheyrir síðan fjarlægri fortíð síðar á ævi þeirra. Skoðað verður hvaða áhrif þessi skörpu skil hafa á höfundana tvo og hvernig þau tjá sig um þau í verkum sínum. Þetta orðar Halldór Laxness svo:

En skáldsaga er samt að því leyti raunveruleg að höfundurinn getur aðeins sagt frá atburðum, mönnum, hugmyndum, flækjum og árekstrum sem

hann hefur sjálfur lifað. Hann hefur fólkið í handraða a.m.k. í bútum, setur síðan búтана saman. Höfundurinn getur ekki farið út fyrir sína eigin reynslu; hann ritstýrir henni. Hann býr sér til grind sem er þegar bezt lætur eins rökrétt og grind í húsi, síðan fyllir hann upp í grindina með reynslu sjálfs sín. Annað hefur hann ekki fram að færa nema reynslu sjálfs sín. Maður er andsvar við þeim áhrifum sem hann verður fyrir í lífinu (Halldór Laxness 2002:10).

Land og synir fjallar um feðgana Einar og Ólaf föður hans, sem búa á Gilsbakka. Ólafur er maður gamla tímans og hefur verið í sveitinni allt sitt líf. Einar ber hins vegar aðrar væntingar í brjosti en að gerast bóndi og sér heldur enga fjárhagslega framtíð í því. Þegar faðir hans deyr og í ljós kemur að eftir áratuga búskap hans situr lítið eftir nema skuldir, verður hann enn fastari fyrir í þessari skoðun sinni. Jafnvel þótt hann sé ástfanginn af Margréti í Gilsbakkakoti tekur hann á endanum þá ákvörðun að yfirgefa sveitina. Margrét kys að fara ekki með honum og sagan endar á brottför Einars.

Dalalíf er fjölskyldusaga, þar sem heimilið á Nautafötum í Hrúttadal er þungamiðja. Þar byggir allt á gamalli hefð og húsbændurnir heita annað hvort Jakob eða Jón, mann fram af manni. Jakob kvænist Lísibetu, prestsdóttur frá Felli og þau eignast saman soninn Jón sem er mikið eftirlæti allra. Hann á æskuvini á næstu bæjum sem tengjast inn í frásögnina, m.a. Þórð í Seli og Þóru í Hvammi. Þegar Jón vex úr grasi giftist hann uppeldissystur sinni Önnu, sem er dóttir Friðriks kaupmanns. Þau eignast síðar soninn Jakob svo sagan heldur áfram. Jón er lauslátur maður og á við slæman drykkjuvanda að stríða, en allir í hans nánasta umhverfi bera blak af honum vegna annarra mannkosta hans og af væntumþykju í hans garð. Fjölskyldan á Nautafötum er völdug í krafti auðs síns og virðist víða toga í spotta er varðar örlög annars fólks í sveitinni. Þar gætir sem sagt mikillar hjálpssemi og góðmennsku en jafnframt talsverðrar stjórnsemi. Á Nautafötum er vinnukona og síðar ráðskona að nafni Borghildur, en hún kom þangað sem unglingsstúlka. Hún er sögð vera hálf systir Lísibetar og er fjölskyldunni mikill haukur í horni. Í sögulok deyr Borghildur og er því hægt að segja að sagan hefjist og ljúki með ævi hennar.



## 2. Höfundarnir – helstu æviatriði

### 2.1 Guðrún Baldvina Árnadóttir

Guðrún var fædd á bænum Lundi í Stíflu í Fljótum 3. júní 1887. Foreldrar hennar voru hjónin Baldvina Ásgrímsdóttir og Árni Magnússon. Guðrún var ein af ellefu börnum og níu af þeim komust upp. Býlið á Lundi var ekki rismikið og er kallað „nytjarýrt smábýli í afskekkttri og harðbýlli sveit“ í minningargrein um Guðrúnu (Guðmundur Jósafatsson 1975:1).

Þegar Guðrún er ellefu ára flytjast foreldrar hennar nær sjónum, að Enni á Höfðaströnd. Þar býr fjölskyldan næstu fimm árin, þangað til þau flytja að bænum Ketu og síðan að Syðra-Mallandi<sup>4</sup> á Skaga, en á því svæði átti Guðrún eftir að búa aftur síðar á ævinni. Þegar Guðrún er að alast upp lá fátt annað fyrir henni en að fara í vist um leið og hún hafði aldur til, giftast síðan og halda heimili fyrir mann og börn eftir það. Um menntun þýddi ekki að tala og því síður fjölbreyttara starfsval eða ferðalög af einhverju tagi. Vinnan heima tók allan þann tíma sem fólk hafði og meira til og svo hafði verið frá barnæsku. Guðrún fór ung í kaupavinnu eins og þá var siður. Tuttugu og tveggja ára giftist hún svo Jóni Jóhanni Þorfinnssyni bónda og smið<sup>5</sup> sem hún kynntist þegar hún var eldhússtúlka hjá Popp verslunarstjóra á Sauðárkróki (Árni Gunnarsson 1996:185). Jón var fátækrar ættar og varð fyrirvinna móður sinnar og yngri bróður við lát föður síns 1904. Sagan hermir að um líkt leyti hafi Guðrún verið alvarlega að hugsa um að slást í hóp þeirra Íslendinga sem fluttu til Ameríku, en að hún hafi hætt við þær hugleiðingar þegar hún kynntist Jóni (Jón Ormar Ormsson 2009). Ungu hjónin byrjuðu búskap sinn í Bólstaðarhlíð í Langadal og bjuggu þar fyrstu árin ásamt fyrsta barni sínu, Angantý. Þau tóku síðan fjórðung Þverárdals í sömu sveit til ábúðar árið 1913 (Árni Gunnarsson 1996:185). Þverárdalur er með innstu bæjum í Laxárdal, þar sem á þessum tíma var blómleg byggð en nú er einungis búið þar á einum bæ, í Gautsdal. Á Sauðárkrók flytja þau árið 1939 og búa fyrst að Freyjugötu 17. Árið 1944 flytjast þau síðan að Freyjugötu 5, en það var lítið hús við sjóinn. Það hafði Jón byggt sjálfur og þau nefndu það Malland. Þar bjuggu þau lengst og þar skrifaði Guðrún flestar bækur sínar. Fyrsta bók hennar, *Æskuleikir og ástir*, sem jafnframt er fyrsta bindi Dalalífs, kom eins og áður

<sup>4</sup> Einnig nefnt Syðra- Marland.

<sup>5</sup> Jón var fæddur árið 1884. Gifting þeirra Guðrúnar fór fram 12. apríl 1910 skv. auglýsingu í Morgunblaðinu um gullbrúðkaup þeirra 12. apríl árið 1960 (sjá bls.7). Í ministerialbók er hins vegar önnur dagsetning. Þar stendur giftingardagur 9. september 1910 í heimahúsum en í athugasemd bætt við gefin saman á Sauðárkróki (Ministerialbók Hvamms- og Ketusókna. 1910).

sagði út árið 1946. Skömmu áður hafði Nýtt kvennablað birt fyrsta hluta nýrrar framhaldssögu eftir hana, Afdalabarn. Á árunum 1946 til 1973 gaf Guðrún svo út eina bók á ári með einni undantekningu því engin bók kom árið 1969, en samtals voru þetta 27 bækur (Héraðsbókasafn Skagafirðinga 2009).

Jón var með verkstæði skammt frá heimili þeirra Guðrúnar á Freyjugötunni og þar bjuggu þau einnig með nokkrar kindur, en slíkur búskapur fylgdi myndun þéttbýlis á Sauðárkróki á fyrstu áratugunum.<sup>6</sup> Meðal annars voru tvær kýr í fjósi beint á móti Freyjugötu 5 um miðja öldina (Jónína Björg Ingólfssdóttir 2009).

Árið 1960 héldu Guðrún og Jón upp á gullbrúðkaup sitt eins og auglýsing í Morgunblaðinu 24. apríl það ár ber með sér: „Hjartans þakklæti sendum við öllum vinum og kunningjum, börnum og barnabörnum, sem gerðu okkur gullbrúðkaupsafmælið (12. apríl) ógleymanlegt með heimsóknum, gjöfum og heillaóskum“ (Morgunblaðið 1960:23). En það skipast fljótt veður í lofti og í desember sama ár birtist eftirfarandi tilkynning: „Maðurinn minn og faðir okkar, Jón Þorfinnsson, Freyjugötu 5, Sauðárkróki, lézt að heimili sínu 20. desember. Guðrún Árnadóttir og börn (Morgunblaðið 1960:19). Eftir að Jón dó var Guðrún fyrir sunnan hjá börnum sínum á veturna en fyrir norðan á sumrin og hún lést á heimili dóttur sinnar í Reykjavík 22. ágúst 1975 og var jarðsett þann 30. sama mánaðar.

## 2.2 Indriði Guðmundur Þorsteinsson

Indriði G. Þorsteinsson fæddist í Gilhaga í Lýtingsstaðahreppi<sup>7</sup> í Skagafirði 18. apríl 1926. Hann var því Lýtingur eins og menn segja um fólk af þessu svæði. Hann ólst upp á ýmsum bæjum í Skagafirðinum, lengst í Jaðri og á Grófargili í Seyluhreppi, en síðast bjuggu foreldrar hans á Steinsstöðum 1938-39 áður en þau fluttu svo til Akureyrar. Þá var Indriði 13 ára gamall svo hann átti sín unglingsár þar. Foreldrar hans voru Anna Jósepsdóttir (1897-1985) og Þorsteinn Magnússon (1885-1961). Indriði átti tvo eldri hálfbræður, þá Arnald V. Jónsson (1919-1948) og Þorberg Þorsteinsson (1908-1989).

<sup>6</sup> Árið 1871 settist fyrsti íbúinn að á Sauðárkróki. Um 1900 bjuggu þar um 400 manns, 964 árið 1940 og 1.596 árið 1970. Í dag búa þar um 2600 manns (Sveitarfélagið Skagafjörður [án árs]).

<sup>7</sup> Lýtingsstaðahreppur er í innanverðum Skagafirði, vestan Héraðsvatna, kenndur við bæinn Lýtingsstaði í Tungusveit. Hinn 6. júní 1998 sameinaðist hreppurinn tíu öðrum sveitarfélögum í Skagafirði: Skefilsstaðahreppi, Sauðárkrókskaupstað, Skarðshreppi, Staðahreppi, Seyluhreppi, Rípurhreppi, Viðvíkurhreppi, Hólahreppi, Hofshreppi og Fljótahreppi, og mynduðu þau saman sveitarfélagið Skagafjörð (Sveitarfélagið Skagafjörður [án árs]).

Þegar Indriði var kominn vel á annað ár eignuðust foreldrar hans svo stúlku sem skírð var Helga, en hún dó rúmlega eins árs árið 1929. Aðra systur eignaðist Indriði árið 1940 og hlaut hún einnig nafnið Helga.

Hafa ber í huga að aðstæður karla og kvenna voru á margan hátt ólíkar í uppvexti rithöfundanna tveggja. Indriða buðust fleiri tækifæri þótt hann hafi mögulega ásakað sjálfan sig síðar fyrir að nýta þau ekki til hlítar. Foreldrar hans fluttu til Reykjavíkur 1944 þegar hann var 18 ára. Arnaldur bróðir hans lést fjórum árum síðar. Það varð Indriða mikið áfall og hvatti hann til að fylgja í fótspor bróður síns sem hafði unnið sér álit sem fær blaðamaður (Gunnar Stefánsson 2005:26). Sjálfur sagði hann sem aldraður maður: „En þó fannst mér ég ætti að halda uppi merki hans, væri það skylt öðrum fremur“ (Erlingur Davíðsson 1986:54).

Indriði stundaði nám við Menntaskólann á Akureyri 1940-1941 og síðar við Héraðsskólann á Laugarvatni 1942-1943. Á árunum 1943-47 vann hann við verslunarstörf og akstur. Að því loknu stundaði hann lausamennsku í Skagafirði í þrjú ár, til 1950. Indriði birti smásöguna „Dalinn“ í jónablaði Tímans 1950 og hóf skömmu síðar störf sem blaðamaður. Ári seinna urðu ákveðin skil í lífi hans með útkomu smásögunnar Blástör sem hlaut fyrstu verðlaun í samkeppni tímaritsins Samvinnunnar árið 1951. Í framhaldi af því starfaði hann sem blaðamaður á Tímanum 1951-1959, og síðar á Alþýðublaðinu. Á árunum 1961-1972 var hann ritstjóri Tímans en var framkvæmdastjóri Þjóðhátíðar 1974 frá árinu 1972. Frá 1975 til dauðadags vann hann svo við ritstörf, að undanskildum árunum 1987-1991 er hann varð á ný ritstjóri Tímans.

Indriði var einn af frumkvöðlum íslenskrar kvikmyndagerðar. Hann sat í stjórn kvikmyndafélagsins Edda-film, sem m.a. framleiddi kvikmynd eftir skáldsögunni Sjötú og níu af stöðinni og var formaður þess frá 1976. Hann var líka einn af stofnendum kvikmyndafyrirtækisins Ísfilm sem m.a. gerði kvikmyndirnar Land og syni (1980) og Útlagann (1981).

Bækur Indriða voru tilnefndar til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs, hann hlaut Silfurhestinn, bókmenntaverðlaun dagblaðanna, 1971 og var í heiðurslaunaflokki listamanna. Hann stundaði ýmis félagsstörf og varð m.a. formaður Blaðamannafélags Íslands 1960, formaður Félags íslenskra rithöfunda 1962, ritari Þjóðhátíðarnefndar

1967-1975, formaður rithöfundaráðs 1977, í útgáfuráði Almenna bókafélagsins frá 1969, í stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva og í orðunefnd.

Árið 1956 kvæntist Indriði Þórunni Ólöfu Friðriksdóttur (f. 1931), en þau skildu síðar. Þau eignuðust þrjú börn. Síðustu ár sín bjó Indriði með Hrönn Sveinsdóttur sem var úr Skagafirði eins og hann.

Indriði var virkur við ritstörfin fram á síðasta dag. Hann lést á Sjúkrahúsi Suðurlands 3. september árið 2000.

### 3. Skyggst dýpra

#### 3.1 Guðrún

Á æskuárum Guðrúnar frá Lundi leit dalurinn Stífla öðruvísi út en í dag, en áin í botni hans var virkjuð á árabílinu 1945 – 1954 og fór þá talsvert af engjalöndum undir vatn og ásýnd hans breyttist mikið. Í formála að viðtali við Guðrúnu í jólablaði Tímans árið 1952 kemst Erlingur Davíðsson svo að orði:

Stífla í Fljótum er sérstæður sveitarhluti – dalur sem að framan er girtur hinum fögru Stífluhólum, til hliðanna háum fjöllum en úr dalbotninum liggur vegur til Ólafsfjarðar yfir Lágheiði. Stífla er rómuð fyrir sumarvegurð. Fyrrum liðaðist áin um grænar grundir, grösug slægjulönd bændanna, en nú liggur það land undir miklu vatni, sem í senn er forðabúr Skeiðsfossvirkjunar og sveitarprýði á sína vísu. Frá Stífluhólunum er útsýn undrafögur í góðu sumarveðri fram yfir byggðina. Þetta er heimur út af fyrir sig, sem náttúran hefur afmarkað, grösug sveit með kjarngróðri, afskekkt en björguleg (Erlingur Davíðsson 1967:1).

Sýn Erlings á bernskudal Guðrúnar kemur heim og saman við minningar hennar þaðan eins og þær koma fram í viðtali sem Helgi Konráðsson tekur við hana og birtist í Morgunblaðinu á aðfangadag árið 1952. Svo segir hún um Lund: „Þar fæddist ég og ólst upp í stórum, glaðværum systkinahópi og þar fannst mér alltaf hafa verið sólskin og blíða, og þó eru þar snjóþyngsli, harðindasveit (Helgi Konráðsson 1952:7). Hér er talað af hlýhug til Stífludals og það kemur heim og saman við það að þegar Guðrún hefur feril sinn sem rithöfundur kennir hún sig við Lund.

### 3.1.1 Menntun

Skólaganga Guðrúnar var ekki löng og það virðist hafa orðið henni nokkuð umhugsunarefni. Á uppvaxtarárum hennar var ekki sjálfsagt að konur nytu meiri menntunar en þeirrar sem fræðslulög kváðu á um, en ný fræðslulög voru sett 1907 og tóku gildi í ársbyrjun 1908 þegar hún er 15 ára. Í eldri lögum, sem voru sett 1880 um kennslu í skrift og reikningi, stóð að öll börn, sem til þess væru hæf að áliti prests og meðhjálpara, lærðu að skrifa og reikna (Lög um uppfræðing barna í skript og reikningi, 9. janúar). Þetta er einungis sjö árum fyrir fæðingu Guðrúnar. Hafa ber líka í huga að ekki var nóg að setja lög, heldur tók það tíma fyrir embættismenn og heimili landsins að ná að framfylgja þeim. Þar hamlaði margt, ekki síst fjarlægðir og slæmur húsakostur. Enn var langt í land með að möguleikar karla og kvenna til náms væru jafnir. Skammt er að minnast gagnrýninnar á rithöfundinn Torfhildi Hólm á síðasta áratug 19. aldar, þar sem hún er úrskurðuð vanhæf til að skrifa stórar sögulegar skáldsögur. Einar Hjörleifsson skrifar t.d. í ritdómi sem birtist í Lögbergi í mars 1890: „Frú Hólm er þannig sett í mannfjelaginu að ýmsum óvitrum mönnum þykir vafalaust hún vera meðal þeirra sem hafa þau rjettindi að mega semja léleg rit [...] þar sem hún er bæði óskólagengin og kona (Einar Hjörleifsson 1890:4). Torfhildur var fædd árið 1845 og var fyrst kvenna til að lifa af ritstörfum á Íslandi. Áratugum síðar sér Sigurbjörn Einarsson ástæðu til þess að fjalla um aðstöðu kvenna til ritstarfa í gagnrýni um Símon í Norðurhlíð, elleftu bók Elínborgar Lárusdóttur:<sup>8</sup> „En húsfreyja á þessari vinnukonulausu öld á varla kost á því að helga sig bóklegri iðju. Ritstörfin hljóta að verða henni hjáverk og ígrip, þrátt fyrir hitaveitu og aðra nútímans og höfuðstaðarins blessun“ (Sigurbjörn Einarsson 1945:4). Hér nefnir Sigurbjörn ekki menntunarleysi kvenna beinum orðum, en ætlar þó ekki að þær geti hafa haft mikinn tíma til bóklestrar.

Í viðtali í Alþýðublaðinu um jólin 1964 segir Guðrún svo frá: „Ég held að aukin menntun kvenna sé ástæðan fyrir því, hve margar bækur þær skrifa nú, áður voru konur varla skrifandi. Ég naut ekki annarrar skólamenntunar en að kennari var tekinn á heimilið í þrjár vikur í þrjá vetur svo alls varð skólagangan níu vikur“ (Oddur Ólafsson 1964:8). Um dvöl fjölskyldunnar á Enni segir Guðrún: „Þar var miklu meira um að vera. Þá var tekinn kennari á heimilið til að kenna okkur systkinunum skrift, reikning og réttitun, en kver og biblúsögur var ég búin að læra fyrir löngu. Það var skemmtilegur

<sup>8</sup> Elínborg var afkastamikill rithöfundur. Hún var fædd 1891 og var því samtíma Guðrúnu og einnig úr Skagafirði.

tími, meðan kennslan stóð yfir, venjulega einn mánuður á vetri“ (Helgi Konráðsson 1952:7). Þessi orð benda til þess að Guðrún hafi borið þá þrá í brjósti að læra meira, að minnsta kosti þótti henni ekki leiðinlegt að stunda nám.

Guðrún var búin að gera tilraunir með skriftir og festa nokkrar sögur á blað á meðan hún bjó enn í heimahúsum. Líkur eru á að lítill tími hafi gefist til þess eftir að hún fór í vist eins og það var kallað, og jafnvel enn síður eftir að hún fór að búa. Sennilegt er að henni hafi brugðið við að fara í vist hjá öðrum eftir að því er virðist hamingjuríka æsku sem ein af heimilisfólkinu hjá foreldrum sínum. Staða vinnufólks er henni afar hugleikin í Dalalífi, en þá sögu var hún búin að móta í huganum í nærri hálfra öld þegar hún kom út.

Guðrúnu hafði ekki gefist tækifæri til að leggjast í ferðalög út í hinn stóra heim til að víkka sjóndeildarhring sinn, en lífið heima í sveitinni þekkti hún því betur og lét sér það nægja sem efnivið. „Sögur mínar, flestar, eru sveitarómantík frá þeim tíma þegar ég var ung. Þær segja frá lífinu eins og það var og eins og ég sá það renna fram. Bílar og flugvélar koma lítið við sögu hjá mér, atburðirnir eru margir hverjir ekki stórir, nema fyrir þá sem lifa þá. En fyrir þeirra sjónum eru þeir mikilvægir og skipta sköpum. Þannig er það í lífinu sjálfu“ (Erlingur Davíðsson 1967:2). Þetta er lágstemmd rödd konu sem hefur lotið örlögum sínum og heldur því ekki fram að hún skipi stóran sess meðal rithöfunda sinnar samtíðar. Enda er hún lítið menntuð og kvenkyns. Hennar sæti er til hliðar við betur menntaða og víðförlari höfunda, ekki síst karlmenn, og hún gerir ekki kröfur um annað. Þegar hún löngu síðar er orðin öldruð og veik á sjúkrahúsi fyrir norðan kemur blaðakona til hennar og tekur við hana viðtal. Meðal þess sem hún spyr um er hvort Guðrúnu hafi aldrei langað til að hitta einhverja rithöfunda syðra. Guðrún svarar: „Nei, ónei. Ég hefði víst orðið lítil við hliðina á þeim.“ Við sama tækifæri er hún spurð um álit hennar á Íslendingasögunum og hún segist auðvitað hafa lesið þær. „En ég skil vel að þær séu ekki lesnar í dag. Þær eru svo leiðinlegar, alltaf manndráp og þessir bardagar“ (Hólmfríður Gunnarsdóttir 1975:14). Viðtalið er tekið í júlímánuði 1975. Rúmum mánuði síðar var viðmælandinn allur; Guðrún lést þann 22. ágúst, 88 ára að aldri.

Það er ekki fyrr en árið 1911 að konur fá rétt til menntunar, styrkja og embættisstarfa til jafns við karla, með samþykkt laga um háskóla á Íslandi. Þá er Guðrún orðin nítján ára og er í þann mund að stíga sín fyrstu skref í búskap norður í landi. Hún var ekki af

auðugu fólki komin og um skólagöngu hafði sem fyrr segir ekki þýtt að tala. Hún nýtti sér hins vegar lestrarfélög alla tíð, fyrst á Höfðaströndinni og síðar á Skaga og á Sauðárkróki. Þannig kynntist hún heimi bókmenntanna eftir föngum. Líklega hafa sögur þær sem hún las þar verið henni fyrirmynd: „Svo var þar lítil bók eftir Torfhildi Hólm og hét Högni og Ingibjörg. Ég var mjög hrifin af þessum sögum og man enn hve ég öfundaði þessa konu fyrir að hafa getað skrifað skáldsögu. Annars þótti fólki þá næstum ókvenlegt að skrifa „lygisögur“ (Helgi Konráðsson 1952:7). Torfhildur hafði verið gagnrýnd fyrir langar sögur og svo átti líka eftir að verða um Guðrúnu.

### 3.1.2 Skriftir

Það er erfitt fyrir nútímafólk að gera sér í hugarlund hversu lítill jarðvegur var á þessum tíma til annars en að helga líf sitt brauðstritinu. En fólk átti sér samt drauma og Guðrún hafði borið sína með sér lengi. Hún byrjaði að skrifa þegar hún var á fermingaráldri og naut kennslu farkennarans Ástvalds Björnssonar á Enni. Hann las eina söguna og hvatti hana til frekari dáða, en Guðrún reiddist honum fyrir að segja frá þessum skrifum sínum. Hún kallaði þessar fyrstu tilraunir „söguvitleysur“ og kvaðst hafa brennt þær allar þegar hún fór að búa. Síðar lét hún hins vegar skíra son sinn Freystein Ástvald, svo líklega hefur hún fyrirgefið sínum góða kennara (Marín Guðrún Hrafnisdóttir 2000:II). Guðrúnu farast orð á þennan veg þegar Helgi Konráðsson spyr hana í viðtali hvort henni hafi dottið í hug að semja sjálfri á árunum á Enni: „Ójú, það fór ég nú einmitt að reyna, þá hef ég verið á 13. eða 14. ári, því að ég man að kennarinn minn komst að þessu og það sem verra var, gat ekki þagað yfir því, þótt fáorður væri annars. En auðvitað varð saga þessi eldsmatur að lokum [...]“ (Helgi Konráðsson 1952:7). Í sama viðtali kemur fram að í þessari týndu sögu hafi birst fyrstu hugmyndir hennar um Dalalíf, sami dalurinn og sömu aðalpersónurnar. Velta má fyrir sér hvað hefði gerst hefði höfundurinn verið drengur en ekki stúlka, þ.e. hvort uppljóstrunin um skrifin hefði virkað sem hvatning fyrir ungan pilt en ekki orðið slíkt áfall að brenna þyrfti verkið. Það er heldur ekki vitað hvernig þessu var tekið, t.d. af foreldrunum eða öðru heimilisfólki; fáein orð geta sært djúpt ef sjálfsmyndin er ekki sterk og möguleikar stúlkna til afreka utan heimilisins voru ekki miklir á þessum tíma. Einnig ber að hafa í huga að fólk hafði meira en nóg með að hafa í sig og á og ritstörf voru ekki ofarlega á lista yfir heillavænleg viðfangsefni.

Guðrún sýndi engum handrit eftir sig fyrr en áratugum síðar. Hún segir blaðamanni svo frá að eftir þetta atvik á Enni hafi hún steinhætt að skrifa og orðar framhaldið svo: „eftir að ég fór úr foreldrahúsum, tóku við þessi vanalegu kjör kynsystra minna [...] vistir, gifting og búskapur og heldur lítill tími til skrifa“ (Helgi Konráðsson 1952:7). Það kemur líka fram að hún geymdi einhver minnisblöð frá æskuárunum og fór svo smátt og smátt að vinna úr þeim þegar börnin voru uppkomin. Hún vann smástund á hverjum degi en sýndi engum afraksturinn, ennþá var þetta feluverk.

Árið 1939, þegar Guðrún er á sextugsaldri og flytur með manni sínum á Sauðárkrók, fer hún að skrifa fyrir alvöru. Það er síðan hvatning bróðursonar hennar sem verður til þess að hún þorir að láta handrit frá sér í fyrsta sinn. Þá var hún búin að búa á Freyjugötu 5 í nokkur ár. Gyrðir Elíasson rithöfundur lýsir þessu litla húsi svo í smásögunni *Skáldkonan*:

Utantil á Sauðárkróki, skammt frá sjónum, stendur eitt af þessum litlu húsum sem voru svo mörg hér áður. Þetta hús er nú rauðmálað en var áður gult, og ljómaði í sólinni á morgnana. Þarna bjó öldruð skáldkona, og hún hét Guðrún frá Lundi. Ég fór oft þarna framhjá á hjóli, einmitt svona eldsnemma á sólardögum, og þá stóð hún í dyrunum, breiðvaxin og ljómandi, og sérkennileg upphafning í svipnum sem ég skynjaði fremur en skildi í þá daga (Gyrðir Elíasson 1977:80).

Líka sögu segir Brynjar Pálsson, annar nágrenni Guðrúnar á Sauðárkróki, en hann er fæddur 1936 og er því þriggja ára þegar hún flytur með fjölskyldu sinni á Sauðárkrók. Hann bjó innar í götunni og átti oft leið framhjá húsi Guðrúnar og Jóns þegar hann var sendur eftir mjólk í samlagið. Hann minnst þess að hafa séð hana, ýmist fyrir innan eldhúsgluggann eða í gætt hússins, með blýant og þungt hugsí. Hún hafi vakið eftirtekt fólks, þessi eldri kona að börnunum virtist, en samt hafi hún ekki verið nema um fimmtugt þegar þetta var. Hún hafi virkað nokkuð útskeif og oft klæðst peysufötum, með pilsíð girt hátt eins og tíðkaðist við þann búning. Brynjar segir Guðrúnu hafa verið virðulega og vel liðna, einnig meðal barnanna. Það hafi því aldrei komið fyrir að hrekkir hafi verið viðhafðir í návist hennar. Hún hafi sjaldan farið eitthvað og þá ekki langt. Þannig þekkti hún lítið svæði, en það sem hún þekkti skrifaði hún um og þurfti ekki meira. Guðrún átti tvær systur á Sauðárkróki, Ingu og Jónínu<sup>9</sup> og þær heimsótti hún stundum, en dvaldi samt oftast heima og deildi þá tíma sínum á milli rit- og

<sup>9</sup> Jónína og eiginmaður hennar Gísli Jóhannesson bjuggu á Freyjugötu 19 og Inga var í heimili hjá þeim (Sigríður Jónsdóttir 1980:38).



húsmóðurstarfa. Hún var því sannkölluð skrifandi húsmóðir. Hún var góð kona og mikils metin í sínu samfélagi þótt hún væri ekki að sama skapi áberandi innan þess. Brynjar segir að það hefði verið eins og hún þyrfti að róa sig niður, aflið hafi verið svo mikið í hugsuninni. Ritstörfin hafi verið henni nautn og hún skrifað af sterkri þörf (Brynjar Pálsson 2009).

### 3.1.3 Menningarsamfélag kvenna

Minningar konu sem bjó í æsku í næsta húsi við Freyjugötu 5 á árunum 1944-1956 gefa einnig athyglisverða mynd af Guðrúnu. Hér er um að ræða Jónínu Björgu Ingólfssdóttur sem bjó á Freyjugötu 3, en þangað hafði hún flutt með foreldrum sínum árið 1944 þá fimm ára gömul. Móðir hennar hét Unnur Hallgrímsdóttir og var heimavinnandi húsmóðir eins og Guðrún.<sup>10</sup> Unnur var mikill lestrarhestur og alæta á bækur eins og Jónína lýsir henni. Hjá henni var Guðrún tíður gestur. Hún kom þar gjarnan eftir hádegið og sat og ræddi málin um leið og hún fléttaði á sér hárið. Gjarnan var drukkið sjóðandi heitt kaffi beint af hellunni og þá drakk Guðrún helst af undirbollanum.<sup>11</sup> Ef Unnur þurfti að stússast í þvottahúsinu (að þvo í steiptum potti sem þar var) setti hún gjarnan stól í hornið og þar settist Guðrún og spjallaði á meðan Unnur vann. Jónína segist hafa farið ófáar ferðir í bókabúðina til að kaupa stílabækur fyrir Guðrúnu. Þegar hún flutti að heiman tók yngsti bróðir hennar svo við þessu embætti. Þetta voru frekar litlar bækur, af gömlu gerðinni og skáldið þurfti margar slíkar og notaði þær til flestra sinna skrifta. Húsið hennar á Freyjugötunni var afar lítið á þessum tíma, nánast bara tveggja herbergja, auk eldhúss, þvottahúss og baðs. Stofan var strax til hægri þegar maður kom inn. Þar á miðju gólfi stóð borð, sem á var stórt Fuschiublóm sem Jónína man eftir að hafi verið þar öll þau ár sem hún kom í þetta hús. En blómið var nánast aldrei á miðju borðinu, það var alltaf út við brún þess af því að húsmóðirin hafði verið að skrifa. Hún nýtti pappírinn vel og skrifaði einnig gjarnan á umbúðapappír eða ræmur sem ekki átti að nota til annars. Þá byrjaði hún helst uppi í vinstra horninu og skrifaði síðan á ská niður. Guðrún, Unnur og kona er hét Þórey Sigmundsdóttir Hansen<sup>12</sup> hittust reglubundið til að ræða saman og þá var það í húsinu hjá Unni. Jónína, sem var elst af systkinum sínum, var þá send út með yngri bræður sína á meðan. Á þessum samkundum

<sup>10</sup> Jónína er fædd árið 1938. Unnur móðir hennar var fædd 1918 og lést 1976.

<sup>11</sup> Á þessum slóðum var þetta orð notað í stað orðsins undirskál sem er algengara í dag.

<sup>12</sup> Þórey var fædd 1886 og lést árið 1964. Hún hafði meðal annars stundað nám við mjólkurfræðiskóla Grönfeldts á Hvítárvöllum veturinn 1907 - 1908 og var þar langefst námsmeyja. Hún flutti til Sauðárkróks ásamt manni sínum árið 1911 (Gísli Magnússon 1964:4).

var gjarnan farið með ljóð eða aðrar bókmenntir lesnar (Jónína Björg Ingólfssdóttir 2009). Um Þóreyju er sagt í minningargrein: „Hún var greind kona og fróð í bezta lagi, enda las hún ósköpin öll, stálminnug, kunni kynstrin öll af sögnum, kvæðum og vísnum, og hafði af hið mesta yndi“ (Gísli Magnússon 1964:4).

Auðvelt er að sjá fyrir sér að Guðrún hafi þarna átt verðmætt athvarf í samfélagi greindra kvenna. Þannig bjó hún sér til sinn eigin menningarheim þar sem bæði var víðsýni og fjölbreytileika að finna, þótt hún færi sjaldnast lengra en í næsta hús. Ætla má að svipuð tilfinning hafi verið fyrir hendi hjá hinum konunum, sem kannski hefðu viljað eiga fleiri kosti í lífinu en varð. Þetta er líklegt til að hafa skapað samkennd og eflt félagsandann. Fyrir skapandi einstakling með ríka tjáningarpörf eins og Guðrúnu hlýtur þessi litli menningarkimi að hafa verið geysilega mikilvægur.

### 3.2 Indriði

Eins og fram hefur komið fluttu foreldrar Indriða oft á meðan hann var hjá þeim, bæði á milli bæja og staða, enda voru þau lengst af leiguliðar. Í minningargrein um Indriða kemst náfrændi hans Magnús Sigurjónsson svo að orði: „Þessar sögur segja frá því tímabili í Íslandssögunni sem Indriði upplifði með foreldrum sínum. Þjóðflutningunum miklu sem hófust með seinni heimsstyrjöldinni og er ekki lokið enn“ (Magnús Sigurjónsson 2000:43).

#### 3.2.1 Aðstæður og eldri hættir

Þrátt fyrir tíða flutninga foreldranna er ótvírætt hægt að segja að Indriði hafi alist upp í íslenskri sveitameningu eins og best gerðist. Á uppvaxtarárum hans eru líka mun meiri samskipti á milli kynslóða og skyldmenna en nú er og aðgangur yngra fólks að menningu þess eldra því betri og meiri. Vott um þetta má sjá í minningargrein sem Indriði skrifar, þá 45 ára gamall, um föðursystur sína Ingigerði Magnúsdóttur<sup>13</sup> árið 1971. Þar lýsir hann heimilinu sem hún hafði átt að venjast í Gilhaga, þar sem hann átti síðar sín fyrstu spor:

Svo sem að líkum lætur þurfti margt að starfa á heimili, sem stundum taldi nær 30 manns. Jörðin er erfið, ef hún er fullnýtt, sem jafnan var. Selstaða var í Gilhagaseli, heyskapur stundaður frammi í Vatnafellsflóa og víðar á fjarlægum slóðum. Vinnan var sótt af kappi, en var fjölbreytt og

<sup>13</sup> (1888-1971)

þroskandi. Guðstrú var í heiðri höfð, húslestur lesinn á helgum dögum og sálmar sungnir á undan og eftir. [...] Á vetrarkvöldum, þegar fólkið hafði safnast saman í baðstofu, voru stundum kveðnar rímur, en oftast lesnar sögur, einkum fornsögur eða annað, er til skemmtunar og fróðleiks mátti verða. Ljóðagerð var í miklum metum, vísnagerð iðkuð, hagamælska rík í ætt, enda skyldleiki við Grím Thomsen, þótt ekki sé náinn. Ungir og aldnir undu þar vel saman, ekkert óbrúað bil milli kynslóða, börnin námu spekimál aldanna við kné afa eða ömmu (Indriði G. Þorsteinsson 1971:14).

Síðar tekur hann svo til orða í viðtali við Illuga Jökulsson: „Ég er alinn upp í miklu skáldskaparandrúmslofti, þar sem menn bæði ortu og fóru með skáldskap eins og sjálfsgöðan hlut“ (Illugi Jökulsson 1982:16).

### 3.2.2 Þorsteinn Magnússon

Indriði ræðir að því er virðist ekki mikið um móður sína í viðtölum og greinum. Honum er hins vegar tíðrætt um Þorstein föður sinn og virðist hafa verið líkur honum um margt og má þar nefna mikla nákvæmni við vísnagerð, en Þorsteinn var hagrýðingur góður og var annt um að það sem hann gerði væri eftir öllum bragreglum. En líf hans hafði ekki yfir sér neitt sérstakt rólyndisýfirbragð. Indriði segir föður sinn hafa verið rótlausan mann þótt hann hafi búið sæmilegu búi á Grófargili undir lokin. Hann hafi verið leiguliði og þeir fóru fyrstir enda réttur þeirra lítill og ábúðin ótrygg. Indriði segir að faðir sinn hafi líka saknað gömlu tímanna í lífi sínu en hann hafði alist upp á geysistörru fjárfjörð og verið mikið við fjárgeymslu, en svo hafi allt breyst og meira verið gert af því að reka fé á fjöll. Þá lögðust beitarhús að mestu af (Matthías V. Sæmundsson 1985:44).

Indriði upplifir söknuð föður síns það sterkt að þetta er honum enn minnisstætt þegar hann sextugur rifjar upp æsku sína í viðtali. Því kann að vera að það séu ekki einungis hans eigin breytingatímar sem hann skrifar um í Landi og sonum, svipuð upplifun virðist líka hafa haft mikil áhrif á föður hans. Indriði ber því hins vegar á móti að Land og synir fjalli beinlínis um þá feðga: „Sumir halda að Land og synir fjalli um mig og föður minn. Það er ekki allskostar rétt. Að vísu staðset ég söguna í Grófargilskrikanum en Tómas og Einar hafa aldrei verið til. Þeir eru fyrst og fremst persónugervingar tveggja kynslóða.“ Indriði segir líka beinum orðum að Margrét í Gilsbakkakoti, stúlkan í Landi og sonum sé tákn fyrir héraðið sjálft og það sé ekki hægt að taka með sér til Reykjavíkur (Matthías V. Sæmundsson 1985:45).

Á æskuheimili Þorsteins Magnússonar hafði Símon Dalaskáld átt athvarf á sínum tíma. Þorsteinn, sem var vel ritfær maður, gaf út bók um Símon árið 1955. Í skrifum sínum um ævi Indriða nefnir Gunnar Stefánsson þetta og telur skrif Þorsteins um Símon bæði hlý og samúðarfull. Í þeim komi m.a. fram að fordómar menntamanna hafi ráðið miklu um að skáldskapur Símonar hlaut ekki meiri viðurkenningu en raun ber vitni (Gunnar Stefánsson 2005:11). Þessa hugsun er áhugavert að hafa í huga þegar bakgrunnur Indriða er skoðaður. Þegar hann er að alast upp verða ákveðin skil á milli gamla og nýja tímans í mörgum skilningi. Sem dæmi má nefna að hinar yngri kynslóðir áttu kost á að mennta sig, sem áður hafði aðeins staðið fáum útvöldum til boða. Þetta er líklegt til þess að hafa aukið enn á kynslóðabilið sem myndaðist á þessum árum vegna örra breytinga í samfélaginu og líklega er þessi hugsun hluti af viðhorfi Indriða til gamla og nýrra tíma. Hann átti sjálfur kost á menntun, en missti það tækifæri út úr höndunum vegna lítillar sinnu við námið á sínum tíma. Hann var því ekki langskólagenginn og finnst það skilja hann frá menningarmáffunni eins og hann kallar ráðandi bókmenntaraddir síns tíma. Þannig á hann það sameiginlegt með Guðrúnu að líða eins og undirmálsmanni á ákveðnum vettvangi:

Oft hef ég séð eftir því að hafa ekki stundað nám mitt betur í Menntaskólanum og orðið stúdent. Það hefði sparað mér ofboðslega vinnu síðar á ævinni. Það var mikið átak fyrir mig, eftir að ég varð blaðamaður, að læra málin og sjálfa íslenskuna ekki síst, og það varð ég að gera með vinnunni og mikið lærði ég á eigin mistökum og það er erfitt nám. Það hefði sparað mér miklar þjáningar að verða stúdent, svo sem ég stefndi að (Indriði G. Þorsteinsson 1986:27).

Indriði virðist hafa haft ýmislegt frá föður sínum. Eitt af því var áthagatryggðin. Þrátt fyrir alla flutninga sína og eirðarleysi var Þorsteinn Magnússon heimahögunum trúur. Hann skrifaði sig t.d. alltaf frá Gilhaga, þaðan sem hann var ættaður og hafði búið sem yngri maður. Þegar þau hjón fluttu svo til Reykjavíkur kölluðu þau heimili sitt þar Gilhaga. Í Lýtingsstaðahreppi var á árum áður öflugt lestrarfélag og bækur á hverjum bæ. Svæðið er þekkt fyrir ríka menningu og má sem dæmi nefna rithöfunda sem eru þaðan upp runnir: Elínborg Lárusdóttir, Þórir Bergsson og þeir frændur Indriða, Pálmi Hannesson og Hannes Pétursson sem dvaldi þar langdvölum (Jón Ormar Ormsson 2009). Indriði segir svo um æskuheimili föður síns: „Rímur voru þuldar á vökum og kjarnmiklir húslestrar meitluðu málið og juku málkenndina“ (Indriði G. Þorsteinsson 1985:150). Bakgrunnur sem þessi hlýtur að hafa verið gott veganesti fyrir rithöfund.

### 3.2.3 *Tvennir tímar*

Indriði skrifar sína fyrstu skáldsögu árið 1955 þegar hann er tæplega þrítugur: Sjötíu og níu af stöðinni. Þar er söguhetjan Ragnar úr ónefndri sveit sem hann reynir að snúa aftur til í bókarlok. Leið hans liggur norður og hann týnir lífinu á leiðinni, rétt áður en komið er niður í Skagafjörð. Allar fimm skáldsögur Indriða eftir þetta gerast á æskuslóðum hans fram að tvítugu, þ.e. í Skagafirði eða á Akureyri. Þannig eru hans stærstu verk djúpt uppgjör við æskuslóðirnar og það sem hann stóð frammi fyrir, þ.e. að það sé aðeins ein leið til fyrir ungt metnaðargjarnt fólk í sveit: burt. Fyrir þetta fólk sé framtíðin ekki heima. Að sama skapi er þung áhersla á eftirsjána sem þessi ákvörðun veldur einstaklingnum; þrána eftir heimahögunum, liðnum tíma með liðnu fólki. Þetta á við jafnvel þótt þessir tímar hafi ekki verið eftirsóknarverðir í alla staði eins og Indriði lýsir svo: „Á þessum árum voru flestir bæir lítið klæddir að innan og alltítt að dordinglar og moldarkekkir hryndu niður á matinn og á fólkið. [...] Búskaparhættir voru frumstæðir. Á vorin möluðum við tað og gengum um túnið með trog og jusum úr þeim. Svo var slóðadregið. [...] Allir urðu að vinna til að lifa, börnin líka. [...] Núna er sveitin mér að mestu horfin því ég var aðeins þrettán ára gamall þegar ég fluttist á mölina, óþroskaður unglingur. Ég hef alltaf litið á mig sem bæjarmann þó að líf í sveit hafi mótað mig að töluverðu leyti“ (Matthías V. Sæmundsson 1985:40-41).

Sem fullorðinn maður horfist Indriði raunsætt í augu við söknuðinn eftir því sem var: „Eftirsjáin er eðlileg. Maður sér eftir vinum sínum niður í jörðina og saknar þeirra. Á sama hátt sér maður mannlíf hverfa og verður ljóst að það var harla gott þó að ekki væri alltaf skemmtilegt að standa í því miðju“ (Matthías V. Sæmundsson 1985:45).

Eitt dæmi um sterk áhrif bakgrunnsins á Indriða má sjá í endurritun sem hann vann af smásögu sinni Sæluviku fyrir smásagnaúrvalið Vafurloga árið 1984. Þar breytir hann staðarheitum til samræmis við landslagið svo það vefst ekki lengur fyrir neinum hvar sagan á sér stað, þ.e. í Skagafirði. Þetta lá ekki alveg ljóst fyrir í fyrri útgáfunni þar sem þorpið í sögunni heitir t.d. Ægisvík, en fær nafnið Krókur í þeirri seinni. Í stað þess að talað sé um gömul timburhús er kveðið nákvæmar að og talað um litla á sem renni í gegnum staðinn miðjan, brú yfir hana rétt hjá kirkjunni, sem kemur heim og saman við Sauðárkrók (Gunnar Stefánsson 2005:32).

### 3.2.4 *Kveðjustund*

Eitt áhrifaríkasta augnablikið í Landi og sonum er þegar Einar kemur að vitja föður síns á sjúkrahúsið en kemur of seint. Grunleysi hans um örlög föður síns gerir áfallið enn meira þegar hann lyftir sænginni af rúmi hans og sér þá fyrst að hann er látinn. Hér er vendipunktur í sögunni og ákvörðun Einars um að velja annað líf en faðir hans var fulltrúi fyrir er staðfest.

Sjúklingurinn í fremsta rúminu hafði losað sig við brjóstbroðann. Nú reis hann með erfiðismunum upp á olnbogann og sagði:

- Hann er þarna.

Einar færði sig að höfðalaginu. Það heyrðust drunur í bíl og þær nálgust stöðugt og jukust. Hann lyfti sænginni. Hönd hans stöðvaðist snögglega með hana á lofti og það fór daufur titringur um húsið af ferð bílsins. Svo lét hann sængina síga mjúklega yfir hvítt og friðað andlit föður síns og sneri sér að glugganum og horfði út á aurvota götuna (Indriði G. Þorsteinsson 2004:89-90).

Löngu eftir útkomu Lands og sona, árið 1997, birtist frásagnarþáttur í bókinni *Söngur lýðveldis* sem heitir *Hans eina hross*. Þar segir Indriði frá vini sínum Sigurjóni Jónssyni, Dúdda á Skörðugili, sem þá var nýlátinn, 78 ára að aldri. Indriði byrjar frásögnina á því að telja Dúdda með kennileitum Skagafjarðar og segir hann hafa verið mikinn kostamann. Lesandinn skynjar af andblænum að Dúddi er maður liðins tíma, hann tilheyrir annarri öld og lífinu sem þá var. Ljóst er að ekki hefur verið hægt að ráða bót á þeim veikindum sem hrjáðu Dúdda og vitað var að hverju stefndi:

Hann var að því leyti eins og bestu hetjur úr fornsögunum, að fáir sáu honum bregða. Undir lokin vissi hann að hverju fór [...] Ég átti leið um og gerði mér ferð á sjúkrahúsið á Sauðárkróki til að heimsækja Dúdda. Og enn var hann hrókur fagnaðar [svo]. Það var aðeins dauðinn einn sem gat sigrað. Sjálfur hafði hann engu að kvíða (Indriði G. Þorsteinsson 1997:27).

Í lok frásagnarinnar eru mörkuð ákveðin skil og Indriði veit á kveðjustund að hann sér ekki bara á bak vini sínum heldur líka þeim heimi sem hann er fulltrúi fyrir. Nú á hann allar minningarnar einn. Það er sárt og kalt, en engu að síður óumflýjanlegt:

Það er svo með tvo einstaklinga, sem þekkjast vel og þekkja hvor til annars, að enginn getur endurtekið upprifjanir þeirra. Við vorum að kveðjast og vissum það báðir. Hann bauð mér aftur úr fleygnum, eins og til að bæta fyrir að þetta yrði ekki lengra. Ég sneri aftur út í kalda norðanáttina (Indriði G. Þorsteinsson 1997:27).

Atvikið kallast á við frásögnina í Landi og sonum og þarna blæs köldu um sálina. Það þarf ekki að efast um það að þessi stund hefur haft mikil áhrif á Indriða, orð hans segja allt um það og til dæmis er orðið „upprifjanir“ notað þarna á áhrifamikinn hátt. Mennirnir tveir eiga eitthvað saman sem ekki er hægt að útskýra eða lýsa fyrir öðrum. Indriði átti bernsku sína í veröld sem var og getur ekki deilt henni með neinum í þeim heimi sem hann tilheyrir sem fullorðinn maður. Þannig hefur hann misst ennþá meira í vini sínum en ætla má. En hann lýkur frásögninni svona: „En menn verða að kunna að taka töpum sínum“ (Indriði G. Þorsteinsson 1997:31). Hraustlega mælt.

#### 4. Stíll

Segja má að Dalalíf og Land og synir séu ólíkar bækur að mörgu leyti, en vissa þætti eigi þær samt sameiginlega. Tungumálið er kjarnyrt og blæbrigðaríkt í báðum verkunum en afar ólíkar aðferðir eru notaðar við frásögnina. Hjá Guðrúnu er áhersla lögð á að segja sögu með skýrri framvindu og mikilli nákvæmni á köflum. Öllum fléttum er lokað og lesandinn fær svör við flestum spurningum sínum þótt stundum séu þau ekki alveg gefin. Sem dæmi um slíkt má nefna þegar vikið er að mögulegu röngu faðerni Jóns á Nautaflofum. Indriði skrifar einnig afar nákvæmt á köflum en áferðin er í heild ljóðrænni en hjá Guðrúnu. Hann gerir líka mikið af því að ýja að hlutum og að láta lesandanum eftir að ráða í stöðuna.

Gagnrýnendur fjölluðu gjarnan um Sjötú og níu af stöðinni um leið og þeir tóku Land og syni fyrir á sínum tíma:

Stíll Indriða G. Þorsteinssonar var fast mótaður í 79 af stöðinni [svo], knappur og harðsoðinn stíll sem þolir engan undanslátt. En nú hefur hann öðlzt meira þanþol, meiri mýkt og hlýju án þess að lengjast eða rakna í sundur. Að vísu má sjá þess merki á stöku stað að stíllinn sé mikið unninn en það er sjaldgæft og breytir engu um heildarsvipinn. Gildi hans er framar öllu fólgið í þeirri þungu undiröldu sem Indriða tekst að magna í fámáli frásögn, þeim hljóða krafti sem hleðst upp ósagður milli línanna. En auk þess er stíllinn formfagur og hnitmiðaður og rís kannski hæst að fegurð til í náttúrulýsingum (Njörður P. Njarðvík 1964:8).

Lýsingar Guðrúnar á vinnuaðferðum og umhverfi eru gjarnan mjög nákvæmar, enda eru bækur hennar oft notaðar sem heimild um fyrri tíma. Sigurjón Björnsson nefnir þetta sérstaklega í grein í Skagfirðingabók og segir sögur Guðrúnar vera miklu meira en

ástarsögur enda þótt það sé einatt í forgrunni. Þær geymi mikilsverðar upplýsingar um lífshætti fólks í sveit á Íslandi frá því fyrir aldamótin 1900 og fram undir seinna stríð og séu sögur hennar meira metnar af fræðimönnum nú en áður var (Sigurjón Björnsson. 2008:26). Svo lýsir Guðrún t.d. litlu atviki þegar vinnukonan Gróa býr um rúm: „Hún setti undirsængina á annan endann og barði hana með krepptum hnefunum, kastaði henni svo flatrí og sléttaði hana“ (Guðrún frá Lundi 2000:1342). Ljóðrænn stíll Indriða breytir því ekki að á köflum festir hann einnig afar nákvæmar lýsingar á blað sem bera þess vott að hann gjörþekkir það umhverfi sem hann skrifar um. Hann gerir það hins vegar á grundvelli skýrra minninga og tilfinningalegrar upplifunar á sveitinni: „Hann gekk norður fyrir skemmuna og upp að fjósdyrunum. Þær voru opnar og heita mjólkurmengaða lykt af kúnum lagði út til hans og lág væðarhljóð þeirra blönduðust brestum í ganglimum þegar þær hreyfðu sig með júgrin hörð af mjólk undan nóttunni“ (Indriði G. Þorsteinsson 2004:28). Einhver kynni að segja að svo skrifaði enginn sem ekki hefði upplifað lífið í sveitinni sjálfur.

## 5. Ytra umhverfi

Eins og áður hefur komið fram er nokkuð langt bil í tíma á milli skáldanna tveggja. Guðrún er fædd árið 1887 og Indriði 39 árum síðar, árið 1926. Hún nær tvítugsaldri árið 1907 en Indriði árið 1946. Þegar hún gefur út sína fyrstu skáldsögu er hún 59 ára, en hans fyrsta bók er gefin út þegar hann er 29 ára gamall. Á milli þessara ártala er í öllum tilvikum himinn og haf.

Árið 1907 var sveitameningin allsráðandi í landinu og skólaskylda barna var lögboðin með nýjum fræðslulögum. Árið 1946 var komin næg vinna í þéttbýli og mun færri Íslendingar höfðu atvinnu af frumframleiðslugreinum en áður. Tæknin hélt innreið sína í landið í byrjun 20. aldarinnar m.a. með komu togaranna. Markaður skapaðist fyrir innlendar landbúnaðarvörur og fyrstu rjómbúin tóku til starfa um 1900 (Bergsteinn Jónsson og Björn Þorsteinsson 1991:370). Árið 1911 var sett upp rafstöð á Seyðisfirði, sem þá var minnsti kaupstaður landsins. Á árunum 1930-1940 var ráðist í stórvirkjanir og fyrir stríð voru langflestar verksmiðjur knúnar raforku sem fengin var með vatnsaflri og allir kaupstaðir nutu orðið raflýsingar.



Landbúnaður tók stórum tækniframförum eftir fyrra stríðið, sérstaklega á sviði jarðvinnslu og má þar nefna notkun svokallaðs þúfnabana<sup>14</sup> sem bændur tóku sig saman um að nýta til jarðvinnslu upp úr 1921. Árið 1923 voru sett jarðræktarlög sem mörkuðu þáttaskil fyrir íslenskan landbúnað. Þau komu reglu á hvers kyns styrki til ræktunarframkvæmda og verulegur skriður komst á túnrækt. Áburðarnotkun varð árangursríkari og samgöngur bötnuðu. Við þetta fóru meðalbú stækkandi og skópu forsendur fyrir betri afkomu (Bergsteinn Jónsson og Björn Þorsteinsson 1991:368-369).

Þegar breska herliðið gekk á land 10. maí 1940 breyttist einnig margt. Næg atvinna skapaðist fljótlega á ýmsum þéttbýlisstöðum í kringum herinn og mannekla varð í sveitum. Það kallaði á almennari notkun tækjabúnaðar eins og dráttarvéla. Útvarpið hóf útsendingar sínar 1930 og með bættum samgöngum og þægilegri samskiptamöguleikum varð íslenskt samfélag fyrir meiri utanaðkomandi áhrifum en oft áður og eingangrun sumra landshluta minnkaði.

Eins og ráða má af ofangreindu gerast báðar skáldsögurnar sem hér eru til umfjöllunar á umbrotatímum. Dalalíf hefst um 1860 og gerist á ævi tveggja eða þriggja kynslóða eftir það. Við sögulok er fólk farið að geta hringt á milli bæja og steinhús eru reist í sveitum; þá er væntanlega kominn þriðji áratugur aldarinnar. Land og synir gerist á fjórða áratug 20. aldar, þegar breytingar eru í vændum og nýir kostir bjóðast ungu fólki. Mesta breytingin verður kannski hjá konum sem öldum saman bjuggu við ójafnrétti og fyrirfram gefna og einhæfa framtíð.

## 6. Bókmenntaheimurinn

Eins og fram hefur komið sendir Guðrún fyrsta bindi Dalalífs frá sér nær sextug að aldri 1946 og Indriði lætur Land og syni til útgáfu aðeins 17 árum síðar. Bakgrunnur og saga þeirra eru mjög ólík. Samt áttu þau það sameiginlegt að hljóta ekki náð fyrir augum bókmenntaelítu síns tíma. Guðrún vegna bakgrunns, aldurs, ritstíls og kyns svo eitthvað sé nefnt. Indriði af því að hann var álitinn „menningarlaus trökkdræver að norðan“ eins og hann kallar það sjálfur. Hann fullyrðir að áðurnefnd mafía hafi unnið að því baki brotnu að hafa af sér æruna (Matthías V. Sæmundsson 1985:59). Ummæli sem þessi eru þó í vissri mótsögn við ágætar viðurkenningar sem Indriði fékk á ritferli sínum.

<sup>14</sup> Þúfnabaniinn var þýskt landbúnaðartæki sem kom hingað til lands um 1920. Það var upphaflega framleitt til notkunar í hernaði í heimsstyrjöldinni fyrri. Þetta var stór vél, 6,6 tonn á þyngd og bændur sameinuðust um að fá hana á sín svæði til jarðvinnslu.

Guðrún hafði í raun aldrei átt þess kost að fara úr sínu æskuumhverfi og hún ferðaðist ekki lengra en norður á Skaga nema þegar hún dvaldist hjá dóttur sinni í Reykjavík á síðustu árum sínum. Hún var mikið bundin inni á sínu heimili og húsmóðurstörfin voru annasöm. Þegar hún byrjar að skrifa fyrir alvöru er hún eldri húsmóðir, en Indriði er hins vegar ungur og upprennandi blaðamaður. Aðstaða þeirra á ritvellingum er að þessu leyti mjög ólík. Einn okkar bestu rithöfunda í dag, Kristín Marja Baldursdóttir segir í blaðaviðtali svo um aldur skálda að þegar hún gaf út sína fyrstu bók hafi hún verið komin á fimmtugsaldurinn en þá reyndar verið búin að skrifa fjórar bækur sem hún henti. Líklegt er að svipað hafi verið á komið fyrir Guðrúnu, að Dalalíf hafi hreinlega flætt á blóðin þegar hún leyfði því framrás. Kristín Marja telur aldur hins vegar ekki vera mælikvarða á hæfni rithöfunda heldur færu hæfileikarnir eftir einstaklingunum (Bergsteinn Sigurðsson 2009). En aldur Guðrúnar var á sínum tíma vissulega eitt af því sem menn sáu að hennar verkum. Um þetta bera orð Sigurðar A. Magnússonar í Rabbi í Lesbók Morgunblaðsins árið 1964 glöggt vitni, en þar gagnrýnir hann fastheldinn og andvaralausan bókmenntasmekk þjóðarinnar þar sem bækur eins og Guðrún skrifar séu svo vinsælar:

Annars skilst mér, að góðborgarar Íslands þurfi ekki að hafa þungar áhyggjur af föndri ungu ljóðskáldanna eða framtíð íslenskra bókmennta: þær eru nú að verulegu leyti í höndum einna 8-10 kellinga sem fæstar eru sendibréfsfærar á íslensku. Bækur þeirra seljast eins og heitar lummur, en við ungu ljóðskáldunum lítur þjóðin varla. Svo þetta er allt í sómanum, góðir hálsar! (Sigurður A. Magnússon 1964:5).

Dagný Kristjánsdóttir skrifar um þetta í Íslenskri bókmenntasögu og segir að með orðum sínum hafi Sigurður gert það opinbert að bókmenntir kvenna hefðu fram að þessu verið álitnar lítils eða einskis virði. Einnig hefði verið talað um bókmenntir kvenna í háðs- og fyrirlitningartóni í umræðu og yfirlitsgreinum. Dagný kallar þessa orðræðu Sigurðar og viðbrögðin við henni „kerlingabókadeilu“ og segir hana hafa markað upphaf endaloka býsna óbærilegrar stöðu íslenskra kvenna í bókmenntaumræðu eftirstríðsáranna. Skrifin um kerlingabækurnar hafi brotið ísinn (Dagný Kristjánsdóttir 2006:447). Grein Sigurðar vakti alla vega talsverða athygli. Hún birtist í Lesbók Morgunblaðsins 22. nóvember og m.a. má sjá viðbrögð við henni hjá Þórunni Elfu Magnúsdóttur í viðtali í Alþýðublaðinu nokkrum vikum síðar: „Ekki er hægt að draga rithöfunda í dilka eftir því hvort þeir eru karlar eða konur. Mér finnst þeir höfundar

góðir sem vanda sitt verk, jafnvel þótt þeir nái misjöfnum árangri. Hitt er annað mál, að mér finnst karlmenn ekki miklir riddarar nú á dögum og lítil kurteisi að kalla allar skáldkonur kerlingar“ (Oddur Ólafsson. 1964:9).

Enn í dag brosa margir góðlátlega í kampinn ef Guðrún frá Lundi er nefnd. Oft er þar um að ræða fólk sem ekki hefur lesið verk eftir hana. Átta árum eftir Lesbókargrein Sigurðar man Guðrún greinilega eftir þessari umræðu í viðtali og segir þar svo: „Kerling eins og ég má ekki skrifa svona mikið.“ Þegar hún er spurð um „kerlingabækurnar“ og að þar myndu sumir segja að hún væri efst á blaði segir hún: „Já, og kaffibollaþvaður hefur líka heyrzt og sézt, þó með þeirri viðbót að það væri nú gaman, þegar ómenntuð kona legði slíka bókastafla á borð með sér!“ (Guðrún frá Lundi 1972:10).

Sigurður kallaði þarna eftir meira brautargengi ferskra strauma í íslenskum bókmenntum og gagnrýndi íslenska lesendur. En vissulega gætir fordóma í orðum hans og þau segja mikið um hvernig fagfólk á sviði bókmennta flokkaði verk Guðrúnar frá Lundi á þessum tíma; eftir ímynd þess sem skrifaði þau. Hér var um að ræða eldri ómenntaða húsmóður úti á landi sem þar að auki kom gjarnan fyrir manna sjónir í peysufötum, sem voru sterkt tákn fyrir ömmurnar á Íslandi; gamla tímann. Í gagnrýni um endurútgáfu fyrsta hluta Dalalífs fjallar kynsystir Guðrúnar, Jóhanna Kristjónsdóttir um þetta og segir: „Það var snertur af menningarsjokki sem hluti þjóðarinnar fékk á hverju ári, þegar í ljós kom að enn var Guðrún frá Lundi mest lesni höfundurinn – á undan sjálfu nóbelskáldinu, að ekki væri talað um minni spámenn“ (Jóhanna Kristjónsdóttir 1982:28).

Bækur Guðrúnar urðu metsölubækur meðal almennings og voru lesnar af fólki á öllum aldri. Indriði hlýtur lof fyrir stíl sinn og áhugaverða nálgun í bókum sínum, en metsöluhöfundur varð hann ekki. Andrés Kristjánsson skrifaði við útkomu Lands og sona: „Við útkomu hennar má hiklaust kveða upp þann dóm, að hér hafi ungur höfundur unnið að með alveg óvenjulegum og lofsverðum hætti“ (Andrés Kristjánsson 1963). Orðin *ungur höfundur* hafa vissulega yfir sér annan blæ en *eldri húsmóðir*. Í dag eru höfundar markaðssettir af fagfólki og kynning þeirra fyrir „markaðnum“ er oft úthugsuð og markviss. Þrátt fyrir þennan annmarka á ímynd höfundarins urðu bækur Guðrúnar vinsælar. „Afi fékk nýju bækurnar hennar fyrstur, en svo beið maður eftir að komast að að fá bókina lánaða“ (Brynjar Pálsson 2009). Þrátt fyrir rólyndislega orðræðu á yfirborðinu hefur Guðrún verið viðkvæm fyrir viðbrögðum fagheimsins við bókum

sínum. „Ég hugsaði mér strax, að ef mínar bækur yrðu tættar sundur, þá myndi ég hætta þessu pári um leið. En fyrsta bókin reyndist nú metsölubók og lesandinn hefur alltaf tekið mér vel, þótt ég hafi aldrei hugsað beinlínis til hans við skriftirnar“ (Freysteinn Jóhannsson 1972:10).

Áhugavert er að skoða orð Indriða G. Þorsteinssonar um Guðrúnu, en hann segir um bækur hennar í beittri grein í Tímanum árið 1968:

Miðað við að upplög bóka séu að meðaltali 2000 - 2500 eintök hér á landi mega það kallast miklar vinsældir þegar útlán fara yfir fimm þúsund eintök á ári. Sá rithöfundur, sem alltaf hefur verið með hæstu tölu útlánaðra bóka er Guðrún frá Lundi. Ár eftir ár hafa um og yfir fimm þúsund eintök af bókum hennar verið lánuð út úr söfnum víðsvegar um landið.

Indriði deilir hart á Rithöfundasamband Íslands í framhaldinu vegna höfundagreiðslna sem honum finnst óréttlátlega og flókið útreiknaðar og rauntölur um útlán ekki höfð að viðmiði heldur eintakafjöldi verka viðkomandi höfundar á söfnunum. Þetta kemur þá ekki endilega þeim höfundum í hag sem samið hafa vinsælustu bækurnar. Hann er líka ósáttur við að greiðslurnar eigi að koma til höfundanna eftir flóknum krókaleiðum. Hann endar grein sína á hnitmiðuðum orðum þar sem finna má að honum er mikið niðri fyrir:

Með slíkum beinum greiðslum í upphafi hefðu lesendur sjálfir fengið að ráða viðurkenningunni. Hún hefði verið umtalsverð, en ekki málatilbúnaður þeirra, sem ekki vilja sætta sig við hlutina eins og þeir eru, heldur slá upp gylltum forhliðum hvar, sem þeir slá niður kofum sínum, upphafnir og fokláraðir og reiðbúnir [svo] að deila og drottna í hverjum sínum næturstað (Indriði G. Þorsteinsson 1968:7).

Hér talar Indriði fyrir munn þeirra beggja – hvers vegna er álit lesenda ekki veigameira í augum þeirra sem eru í forsvari fyrir samtök rithöfunda?

Þess má geta að Dalalíf er vinsælt á bókasöfnum enn í dag. Það hefur verið gefið út þrisvar og útlánatölur útgáfanna á árinu 2008 eru þessar (Landskerfi bókasafna 2009):

1. útg. 1946	34
2. útg. 1982	224
3. útg. 2000	756
Samtals:	1.014 útlán <sup>15</sup>

## 7. Samfélagið

Eins og fram hefur komið er stíll Indriða og Guðrúnar mjög ólíkur þótt bæði eigi þau rætur sínar í gamalli frásagnarhefð. Guðrún notar þann grunn hins vegar meira en Indriði, enda hefur hann mjög líklega orðið fyrir meiri utanaðkomandi áhrifum á ritferli sínum. Ennfremur er hann fulltrúi allt annars þjóðfélagshóps og það hefur bein áhrif á það sem hann þarf að segja og hvaða persónur hann notar til þess. Fyrir það fyrsta eru persónurnar miklu færri í Landi og sonum og sú bók aðeins 235 bls., þ.e. ólíkt styttri en hið 2.189 síðna Dalalíf. Bækurnar eru því ólíkar að allri uppbyggingu, formi og gerð. Indriði setur samtöl líka upp á allt annan hátt en Guðrún auk þess sem tjáning persóna er jarðbundnari hjá Guðrúnu en viðkvæmari og ljóðrænni hjá Indriða. Mismunandi stílblær höfundanna sést ágætlega á upphafi skáldsagnanna. Guðrún hefur frásögnina um lífið í dalnum á þennan veg:

Engum, sem farið hefur um Hrutadal, dylst það, að hann er með fegurstu sveitum landsins. Hann er grösugur og grjótlaus. Veðursæld er þar mikil. Eftir dalnum rennur á, breið og straumþung, samnefnd honum (Guðrún frá Lundi 2000:5).

Það er auga bóndans sem lítur hér yfir vænan dalinn. Þar er ekki grjót, mikið gras og nóg af vatni í ánni sem rennur eftir honum miðjum.

Land og synir hefst á þessum orðum:

Hrímgaðan þakgróðurinn bar við kyrrt dimmleitt morgunloftið að baki gamla mannsins og puntur þekjunnar bærðist ekki yfir gráum veðruðum stafnpiljum bæjarins þennan nýbyrjaða haustdag (Indriði G. Þorsteinsson 2004:19).

Guðrún hefur frásögnina sem sagt með því að draga landslagið myndrænt upp með hagkvæmni bóndans að leiðarljósi, en Indriði fangar smærri mynd og ljóðrænni. Hann ætlar sér ekki fyrst og fremst að segja sögu, heldur að koma tilfinningum til skila til lesandans. Bæði skrifa þau hins vegar af mikilli nákvæmni og þekkingu á

<sup>15</sup> Hver útgáfa hefur sitt númer þannig að ef öll fimm bindin frá árinu 2000 eru lesin er það talið sem 5 útlán.

viðfangsefninu. Í því sem á eftir kemur eru raddir þeirra áfram ólíkar, þótt á vissan hátt séu þau að fjalla um það sama.

Eins og algengt er þegar horft er á íslenska bókmenntasögu á 20. öld má velta fyrir sér áhrifum Halldórs Laxness á skrif Indriða og Guðrúnar. Í inngangi að íslenskri bókmenntasögu kemst Guðmundur Andri Thorsson svo að orði að 20. öldin hafi verið öld Halldórs Laxness (Guðmundur Andri Thorsson o.fl. 2006:15). Sjálfstætt fólk kemur út um miðjan fjórða áratuginn og kallaði á andsvör höfunda sem einnig þekktu þann heim sem þar er lýst. Þetta er gott að hafa í huga við skoðun á þeim verkum sem hér eru til umfjöllunar. Guðrún lýsir samfélaginu af nákvæmni og raunþekkingu og skrifar út frá kvenlegu sjónarhorni. Indriði spyr krefjandi spurninga um leið og hann segir sögu. Ennfremur má velta fyrir sér áhrifum tvennra tíma á verkin sem hér eru til umfjöllunar. Gamli tíminn með feðraveldinu líður undir lok og tími efnahagslegra framfara og nýrra gilda tekur við. Kröfur fólks um lífsgæði aukast, vinnuþrælkunin minnkar og nægjusteinur með gömlum lífsviðhorfum verður undan að láta. Þetta skapar mikla þörf hjá sagnaskáldum að varpa ljósi á þá menningu sem er að kveðja.

## 8. Raddir

### 8.1 Dalalíf

Við fyrstu sýn er Dalalíf fyrst og fremst frásögn af fólki og atburðum í lífi þess. Hún gerist í tiltölulega þröngum heimi svo ætla mátti að verkið hafi ekki átt möguleika á að vera djúpt eða merkingarríkt. En eitthvað er það sem fær lesandann til að nema meira en hina lifandi frásögn.

#### 8.1.1 Á fölskum forsendum

Söguhverfi Dalalífs er Hrutadalur, sem líklega byggir að einhverju leyti á Stífludal í Fljótum, æskuslóðum höfundarins. Söguvið sem þetta er nokkuð algengt í íslenskum bókmenntum. Lengra frá dalnum greinir lesandinn strönd og sjávarþorp, einhvers staðar er Reykjavík og enn fjær er Ameríka. Ef gengið er út frá því að allar persónur séu hamingjusamari ef þær dvelja alla ævina í dalnum mátti ætla sem svo að höfundurinn bendi bara á jákvæða hluti í skrifum sínum um Hrutadal. En svo er ekki. Dalalífið hefur vissulega kosti, en það eru einnig gallar undir niðri sem bent er rækilega á. Ennfremur byrjar sögufléttan sérkennilega. Nautaflatafjölskyldan er í senn yfirvaldið í sveitinni og grunnurinn sem allt hvílir á. Og um jörðina er sagt: „Það er stærsta, falletasta og bezta

jörðin í sveitinni.“ Og sagan byggir á lögmáli um að alltaf sé bara einn sonur á bænum sem heiti annað hvort Jakob eða Jón. Svo kemur fyrir setning sem einhver gæti túlkað sem ádeilu á þetta allt saman, ekki síst á karlkynið: „Og auðurinn óx með hverjum mannsaldri, því alltaf kom konan með eitthvað í búið“ (Guðrún frá Lundi 2000:5). Jafnframt er talað um að Jónarnir og Jakobarnir hafi alltaf verið hreppsstjórar í sinni sveit. En var það alfarið byggt á þeirra eigin verðleikum?

Einnig er sterklega gefið í skyn að ættarprinsinn Jón sé ekki sonur föður síns heldur Hallgríms stúdents og síðar prests. Ef svo er hvílir allt ættarveldið á Nautafötum á lygi og blekkingu. Ættarauðurinn kemur annars staðar frá og er eftir allt ekki í eigu blóðskyldra sem þó er lagt svo mikið upp úr. Með þessu verður svo margt í söguframvindunni hjákátlegt. Segja má að hér sé falin veigamikil ádeila á yfirstéttina sem ekki má koma blettur á og drottnar yfir örlögum þeirra sem minna mega sín. Ímynd og tilvera þessa fólks er byggð á sandi.

Söguhetjan sem allt hvílir raunverulega á er hins vegar Borghildur. Nafnið er traust í stíl við hlutverk hennar, hún er klettaborgin sem aðrir njóta skjóls af. Hún nýtur samt ekki stöðu sinnar sem systir Lísibetar húsfreyju sem skyldi, því um raunverulegt ætterni hennar er ekki talað. Hún er að því leyti í sömu stöðu og Jón bóndi að hún er launbarn. Það hefur í hennar tilviki samt ekki alveg þau áhrif sem ætla mætti, enda fer ætterni hennar leynt. Samt mæðir mikið á henni, hún virðist oft vera sú sem heldur öllu saman og nýtur óblandinnar virðingar samferðafólks síns. Athyglisvert er hvernig Borghildur er kynnt til sögunnar, en frá henni er sagt um leið og sleppt er orðinu yfir vænleika Jóns litla framarlega í sögunni:

Unglingsstúlka, sem Borghildur hét, var tekin vestan úr sveitinni, sem Lísibet var alin upp í. Hún varð barnfóstran. Einhver orðasveimur kom með henni um, að hún væri dóttir séra Helga á Felli. Hún var myndar unglingur og var fljótlega talin með fyrirfólkinu í dalnum (Guðrún frá Lundi 2000:29).

Þannig greinir Guðrún frá efasemdunum og staðfestir þær með setningu um vænleik stúlkunnar. Eftir þetta er Borghildur einfaldlega ein af heimilisfólkinu og er að því er virðist á ýmsan hátt kjölfestan á Nautafötum. Hún er ein þeirra sem verndar Jón í breyskleika hans: „Ósköp eruð þið orðin þreytt, blessuð börnin!“ sagði Borghildur. Hún vakti ævinlega eftir Jóni, hvað seint sem hann var á ferð“ (Guðrún frá Lundi 2000:45).

Borghildur hugsar um velferð allra og á sér ekki aðra fjölskyldu eða framtíð en þá sem er á Nautafliotum. Í bókarlok er það líka lát hennar og jarðarför sem lýkur sögunni. Minning hennar er þó látin lifa áfram því lítil stúlka er skírð við kistu hennar og fær nafnið Borghildur: „Þetta tilkomumikla konunafn, sem hefur verið á allra vörum hversdagslega í hálfra öld á þessu heimili, má ekki gleymast“ (Guðrún frá Lundi 2000:2165). Þannig lifir Borghildur á einhvern hátt áfram í óræðri framtíð lífsins í dalnum. En með henni hvarf persóna sem allir litu á sem sjálfsagðan hlut. Hún var alltaf til staðar og sívinnandi alla sína tíð og fáir spurðu um hennar tilfinningar og langanir. Þannig er hún samnefnari margra kvenna í sögu þjóðarinnar. Dalalíf gerist á ævi Borghildar. Deyr hún af því að sagan er á enda eða er sagan á enda af því hún deyr?

### 8.1.2 Þröngsýni

Hrútagalur er lítið samfélag og á köflum afar þröngsýnt. Hrepparígurinn gengur ljósum logum, fólkið utan af ströndinni er t.d. álitid allt öðruvísi heldur en fólkið í dalnum auk þess sem stéttaskipting er áberandi og fólki ætlaður staður í goggunarröðinni frá fæðingu. Gott dæmi um þetta er þegar ein aðalsöguhetjan, Þóra í Hvammi, játast Sigurði af ströndinni. Þá er það gamla sögusmettan Ragnheiður á Hóli sem talar og á undan orðum hennar fara skilaboð sögumanns um Ragnheiði: „Hún var ekki búin að gleyma því stórlæti, sem Þóra sýndi, þegar hún þáði ekki þá myndarstöðu að verða tengdadóttir hennar.“ Svo segir Ragnheiður gamla: „Þetta þykir henni betra að taka að sér utansveitargepil, öllum óþekktan, og ganga framhjá myndarpiltum hér í dalnum, sem hefðu verið samboðnari henni“ (Guðrún frá Lundi 2000:330). Í Ragnheiði er sköpuð manngerð sem vissulega er ein þeirra sem einkennir lífið í dalnum. Full af dómhörku, sjálflægni og sterkri kröfu um að tengdasonur úr dalnum sé það eina sem til greina komi. Annað sé bæði vanhugsað og hneykslunarvert.

Fróðlegt er að sjá hvernig sumum persónum er lýst í sögunni og stundum mætti ætla að söguhöfundur hæðist vísvitandi að staðalpersónum. Dæmi um þetta er Páll á Jarðbrú. Páll er fyrir það fyrsta rauðhærður sem greinilega hefur ekki þótt fínt á fyrri tíð og jafnvel þótt bera merki um ómerkilegheit eins og kemur fram í orðum Siggu gömlu á Nautafliotum: „Það hefur nú lengi verið álitid það, að engin rauðhærð manneskja væri öðruvísi en undirföru og ómerkileg [...]“ (Guðrún frá Lundi 2000:396). Harla ólíklegt er að Guðrún hafi haft slíkar skoðanir þegar hún skrifar söguna seint á ævi sinni. Því er



freistandi að álíta að í slíkum lýsingum felist gagnrýni á hið litla samfélag sem gjarnan fordæmir.

### 8.1.3 *Hjátrú, öfund og slúður*

Hjátrúin hefur verið sterk meðal þjóðarinnar í gegnum tíðina og hún er áberandi í Dalalífi.<sup>16</sup> Það skiptir t.d. meginmáli hvernig veðrið er á giftingardegi fólks, gott eða slæmt fyrir framtíð hjónabandsins eftir atvikum. Á giftingardegi Jóns og Önnu á Nautaflofum gerir mikla hríð og það skapar Lísibetu áhyggjur: „En Lísibet horfði kvíðandi á hríðarélið, sem leið fram eftir dalnum og buldi á gluggunum meðan presturinn lagði hendur brúðhjónanna saman. Það gat þó tæplega skeð, að framtíð barnanna hennar yrði neitt í líkingu við slíkt veður“ (Guðrún frá Lundi 2000:202). Það átti síðar eftir að koma á daginn að hjónabandið hafði sínar rysjóttu hliðar, alveg eins og veðurfarið þennan dag.

Mikið mark er tekið á draumum og þeir boða ýmist gott eða illt. Draugar eru líka fljótir að vakna til lífsins í huga fólks, eins og t.d. þegar Anna er farin að heiman og ýmislegt þykir benda til þess að eitthvað slæmt hafi komið fyrir hana. „Hundarnir stæðu á gelti og gjammi heilu og hálfu næturnar, þó engin skepna væri nærri utanhúss“ (Guðrún frá Lundi 2000:1693).

Þessir þættir eru vissulega eitt af því sem gerir lýsingar Guðrúnar á sveitameningunni jafn greinargóðar og raun ber vitni. Hafa ber þó einnig í huga hversu langt frá sögutímanum Dalalíf er skrifað og segja má að Guðrún tjái sig hér um hjátrúna úr vissri tímalegri fjarlægð. Hún er komin úr einangruninni í torfkofunum og býr í uppljómuðu þéttbýli. Bábiljurnar eru hins vegar áberandi einkenni gamla samfélagsins og því leggur hún áherslu á þetta sem hluta af daglegu lífi. En þegar verkið kemur út eru þetta einmitt bábiljur. Árni Björnsson skrifar um þetta í grein í Skírni árið 1996 og segir að á síðari öldum hafi komið í ljós að svo langt sem rakið verður virðist menn á hverjum tíma hafa trúað á hjátrú fyrri alda manna en álitid hana sem næst útdauða á sínum eigin samtíma. Hann segir líka að Íslendingar séu vegna sambúðarinnar við óblíða íslenska náttúru

<sup>16</sup> Nútímamerking orðsins er ekki nema hundrað ára gömul. Fram undir síðustu aldamót merkti þjóðtrú jafnan hið sama og ríkistrú eða þjóðkirkja. Andstæða þess var hjátrú sem þýddi aukatrú líkt og hjákona merkir aukakona (Árni Björnsson 1996:79).

tregir til að afneita yfirnáttúrlægum hlutum með öllu (Árni Björnsson 1996:102). Svipaðan tón má finna hjá Jónasi frá Hrafnagili<sup>17</sup> snemma á 20. öld:

En nú eru þeir því miður að deyja, sem kunna hin fornu fræði fólksins, og ekkert er að koma í þess stað. Unga fólkið fyrirliður heimskuna úr körlunum og kerlingunum, en gætir þess ekki, að það er þá um leið að láta þjóðina týna niður efni merkra vísinda, sem nú er safnað til um allan heim (Jónas Jónsson 1961:389).

Öfund leikur mikið hlutverk í lífinu í dalnum. Fylgst er með hvernig búverkin ganga hjá nágrannanum og metist er um hvaða sonur muni nú standa sig best í skólanum. Þegar von er á drengjunum heim frá skóla um vorið bera orð Helgu á Hóli gott vitni um þetta: „Það er nú ekki séð að Jakob verði eins hár í skólanum eins og hann hefur verið hérna í prófunum í dalnum [...] Faðir hans er nú ekki til að hjálpa honum þar“ (Guðrún frá Lundi 2000:1779). Jafnvel skynsöm kona eins og Þóra í Hvammi stendur sig að slíkum hugsunum.

Blaðurskjóður eru ekki hátt skrifaðar í sveitinni. Það finnst t.d. á lýsingum kvenna eins og Jóhönnu eða Ketilríðar, sem báðar koma til vinnumennsku að Nautafloötum. Gjarnan er talað um „fjas“ og önnur slík niðrunarorð notuð um samtöl og þá sérstaklega kvenna, karlar slúðra greinilega mun síður.

#### 8.1.4 Nágrannahjálp og réttindi kvenna

En það er annað sem skiptir miklu máli í lífinu í dalnum og það er hjálpsemin og gjafmildin. Hún er máluð sterkum litum í sögunni og bjargar mönnum oft þegar erfiðleikar steðja að, mannslát eða veikindi svo dæmi sé tekið. Þennan mikilvæga þátt hefur Guðrún greinilega viljað draga fram, enda gat slík samheldni oft skipt sköpum. Vafalaust er þetta eitt af því verðmætasta við lífið í smáu, afmörkuðu samfélagi. Á þessum vettvangi er hlutverk hjónanna á Nautafloötum skýrt eins og sést á fyrstu lýsingu Dalalífs á húsmóðurháttum Lísibetar Helgadóttur:

Hún tók fátæk börn heim til sín, þegar þröngt var í búi hjá foreldrunum, og hafði þau hjá sér, þangað til ástæðurnar fóru eitthvað að skána. Þá skilaði hún þeim aftur vel útlítandi. Hún áminnti mæðurnar um að leggja vöndinn til hliðar og láta ekki börnin hafa nein kynni af honum, slíkt væri skammarlegt athæfi. Hún fór til þeirra sem veikir voru, og hlynnti að

<sup>17</sup> 1856-1918.

þeim. Margt gamalmennið tók hún heim til sín og annaðist það, meðan það þurfti þess (Guðrún frá Lundi 2000:22-23).

Hér er góðri konu lýst, en hún hefur jafnframt töglin og hagldirnar í sveitinni, það fer ekki á milli mála. Hún má heldur ekki vamm sitt vita ef rætt er um veikleika í fari föður hennar eða sonar.

Á stöku stað í Dalalífi má greina sterka rödd er varðar möguleika kvenna til jafnréttis við karlmenn. Þetta er samt ekki sagt beinum orðum en ef dýpra er gáð má finna bitran tón. Gott dæmi um þetta er sífelldur drykkjuvandi Jóns bónda á Nautafötum og hvernig hann er umborinn og kappkostað að fela öll óþægindi sem af honum hljóta. Meðal þeirra sem ætíð hlífa Jóni er Þórður vinur hans, sem alltaf hefur dáð hann: „Hann getur allt sem honum dettur í hug“ (Guðrún frá Lundi 2000:34). Þórði er vel kunnugt um drykkjuskap Jóns og þolir honum það. Hann sér hins vegar mögulega drykkju konu í öðru ljósi og segir við Línu sína: „Ekkert er eins viðbjóðslegt og drukkin kona“ (Guðrún frá Lundi 2000:1080). Ef körlum verður á að gera konu barn er það konan sem ber skömmina. Lína orðar þetta svo í samtali við Þórð: „Ég þekki betur en þú, hvernig talað er um stúlkur, sem svona lagað hefur komið fyrir. Nöfnin sem þeim eru valin, og sleggjudómana, sem yfir þeim eru felldir“ (Guðrún frá Lundi 2000:1249).

Svo eru það tilraunir Önnu til að brjóta frá lífi sínu á Nautafötum, þar sem hún býr við drykkfelldan mann sem er henni ótrúur. Stundum er eins og hún lendi í martröðum um leið og hún yfirgefur heimili sitt þar sem hennar er vel gætt. Eitt sinn leggur hún í skipsferð og þá er veröldinni um borð í skipinu lýst á einkar grákaldan máta, þetta er ekki staður sem manni líður vel á. Svo hittir Anna þar fyrir ólánsama konu sem á sér miklu verri mann en Jón bóndi hennar er og er þar að auki haldinn spilafíkn (Guðrún frá Lundi 2000:1677). Hvaða skilaboð er verið að gefa hér? Er hugsanlegt að Anna sé nokkurs konar tákn fyrir konur þessa tíma og þau mörk sem aðstæðurnar sköpuðu þeim? Þegar henni er svo bent á að aðrar konur geti haft það verra er eins og það eigi að hjálpa henni að sætta sig við sínar aðstæður. En er það rétt? Þetta er viðhaft þegar verið er að velta vöngum yfir verðandi konuefni Jakobs á Nautafötum: „Það var hagfræðin, sem þá réð hjónaböndunum. Ástin var lítið þekkt olnbogabarn, sem sjaldan þorði að láta sjá sig í birtunni“ (Guðrún frá Lundi 2000:6).

Áhugavert er í þessu sambandi að líta á örlög Þóru í Hvammi, æskuvinkonu Jóns. Hún hafði borið þá von í brjósti að verða konan hans en þeir draumar verða að engu þegar hann trúlofast Önnu uppeldissystur sinni.

#### 8.1.5 Vinnuþrælkun og höfðingjar

Eins og fram hefur komið fór Guðrún snemma í vist enda af fátæku fólki komin og úr stórum systkinahópi. Ekki fer neinum sögum af því hvernig aðbúnað hún fékk, en hafa ber í huga að þetta er væntanlega um árið 1900 og þá er mikið álag á vinnufólki á Íslandi, enda landbúnaður stundaður við afar erfið skilyrði og tæknivæðing engin. Hafa ber einnig í huga að fyrstu þrjú búskaparárin sín var hún ásamt manni sínum í vinnumennsku í Bólstaðarhlíð. Guðrún skrifar mikið um kjör vinnuhjúa í Dalalífi og þar er ýmislegt að finna. Nefna má vinnukonuna Línu, sem verður að teljast ein af lykilpersónum Dalalífs. Það kemur m.a. fram að hún hefur verið í vinnumennsku á Nautaflofum síðan fermingarárið sitt (Guðrún frá Lundi 2000:1074). Einhverjum þætti það kannski ungt að fara í vinnumennsku í dag þegar Evrópusambandið takmarkar vinnu fólks innan við 16 ára. Það kemur skýrt fram í sögunni að til eru þeir menn sem þræla fólki sínu út og ekki er að efa það að þar skrifar Guðrún með einhverja fyrirmynd í huga. Þessi eiginleiki er t.d. einkennandi hjá Sigurði bónda í Hvammi sem ekki þolir við nema sívinnandi og skipar fjölskyldunni og vinnufólkinu fyrir um það sama. Þetta kemur víða fram og fer þó stundum leynt, eins og þegar þegar Dísu vinnukona á Nautaflofum fer yfir að Hóli að heimsækja Helgu og Erlend. Henni er boðið kaffi. En á meðan húsfreyja fer og hellir upp á könnuna er Dísu fengin nál og fingurbjörg og hún beðin um að nýta tímann til að sauma saman þrjónaspjarir (Guðrún frá Lundi 2000:1857). Hver mínúta var notuð í verðmætasköpun og engin grið gefin; það var barátta að búa í þessu landi.

Í dalnum er það fjölskyldan á Nautaflofum sem ræður mestu um örlög fólks. Þar er fólk bæði fært til skírnar og grafið og þar er lagt á ráðin um flestar stórar ákvarðanir. Dæmi um þetta eru ýmis heillaráð og forsjá Lísibetar á meðan hennar nýtur við: „Engin vinnukona, sem hjá henni hafði verið, hafði þorað að stíga spor í hjúskaparáttina, nema spyrja hana ráða, og það jafnan reynzt vel“ (Guðrún frá Lundi 2000:268). Og þegar fréttist af því að ungt fólk sé búið að eignast barn án þess að það sé gift er það drifið í hjónabandið og jafnvel valin nöfn fyrir það á barnið (Guðrún frá Lundi 2000:1311). Þegar til stendur að Doddi og Lína taki saman til að fela það að Lína er ófrísk eftir Jón

Jakobsson er svo sagt frá Dodda: „Hann hafði lengi langað til að slöngva handleggnum utan um þetta tággranna mitti [á Línu], en aldrei vogað það, en nú hafði hreppstjórinn [Jón] veitt honum einkaleyfi til þess.“ Og hreppstjórinn hlutast meira að segja til um það hvar fólk á að hvíla að leiðarlokum. Hann segir svo um Þórð: „Og svo vil ég hafa hann nálægt mér í kirkjugarðinum, þegar þar að kemur“ (Guðrún frá Lundi 2000:1381). Er hægt að ganga lengra í afskiptasemi og drottun?

Lísibet hefur hér veigamikið hlutverk. Hún vakir yfir öllu og á það til að líta blindu auga á það sem mögulega er siðferðislega rangt. Þannig er henni vel kunnugt um ferðir Jóns til Þóru í Hvammi áður en trúlofun hans og Önnu er gerð opinber. Jón viðurkennir þetta fyrir Þóru þegar hún spyr hvort enginn viti að hann er að koma að finna hana: „Enginn nema mamma. Hún verður að vita allt; hún er svo góð“ (Guðrún frá Lundi 2000:86). En eitthvað annað er í bígerð. Næsta vor eru gerðar breytingar á húsakynnum á Nautafllötum og fólkið í dalnum pískrar um að nú sé verið að búa í hagin fyrir nýja konu Jóns. Haustið þar á eftir er fengin kennslukona á heimilið til að kenna Önnu. Þá vill Lísibet endilega að Þóra njóti kennslunnar líka. Hjá þeirri síðarnefndu vakna nokkrar vonir við þetta og hún þiggur boðið með þökkum. Á meðan á fræðslunni stendur er það svo Jón sem fylgir henni heim á kvöldin. Allt er þetta með vitund Lísibetar. Þegar líður að jólum berst hins vegar sú frétt að Jón og Anna á Nautafllötum ætli að setja upp hringana. Þetta verður Þóru mikið áfall. Björn faðir hennar segir: „Svo þú hrepptir þá sama hlutskiptið og skáldkonan Rósa, barnið mitt. Þetta óttaðist ég alltaf.“ Þóra svarar:

Ætli það hafi verið við tvær einar sem höfum ætlað okkur að klífa herra en fæturnir gátu borið okkur. En þó að ég væri skáld, skyldi ég aldrei hafa sett tilfinningar mínar í bundið mál handa ófæddum ógæfumanneskjum til þess að stagast á í sams konar raunum. Nei, þær skulu deyja með mér; hvorki hann né aðrir skulu fá að vita, hversu mitt hjarta er sárum sært (Guðrún frá Lundi 2000:94-95).

Raunirnar eru hluti af þroskasögu Þóru sem er skörp og vel gerð kona sem lærir að sætta sig við sitt hlutskipti enda við ofjarl að etja þar sem Lísibet er. Þótt húsfreyjan á Nautafllötum sé góð getur hún greinilega verið afar kaldlynd, sérstaklega ef hún telur sig vera að gæta hagsmuna þeirra karlmanna sem næstir henni standa. Þá tekur hún óhrædd stjórnunarlegar ákvarðanir sem hafa mismunandi góð áhrif á annarra líf. Hlutskipti Hallgríms stúdents er athyglisvert í þessu sambandi, en hann virðist ekki hafa verið

hamingjusamur eftir að hann hverfur frá Nautafötum þegar hans hlutverki þar er lokið. Er hann nema leiksoppur Lísibetar í fyrirætlunum hennar?

Í Dalalífi er fólk fætt inn í ákveðna stétt og þaðan á það sjaldan afturkvæmt. Stundum er þetta sett upp sem barátta, eins og t.d. hjá Dísu vinnukonu á Nautafötum, sem alltaf heldur að hún sé sérstakari en aðrar vinnukonur vegna þess að hún sé fósturdóttir á heimilinu. Hún væri t.d. alveg til í að prufa skúfhólkinn sem hún veit að húsmóðirin geymir í ákveðinni kómmóðuskúffu. En skilaboðin til hennar eru skýr þegar Sigprúður á Hjalla segir: „Ég gæti nú hugsað, að Jón kæri sig ekki um að sjá hólkinn hennar móður sinnar á vinnukonunum.“ „Vinnukonunum!“ sagði Dísu móðguð. „Er ég þá orðin einhver vinnukona!“ (Guðrún frá Lundi 2000:1800). Hér er athyglisvert að um leið og Guðrún lætur Dísu gera tilraunir til að rísa upp gegn stéttaskiptingunni gætir ákveðins tvískinnungs. Dísu er nefnilega alls ekki verðug þess að eiga rétt á að vera annað en vinnukona. Það er eins og að sá (í þessu tilfalli kona) sem lætur sér detta í hug að hann eigi annað og meira hlutskipti en það sem hann er fæddur til hljóti að hafa skerta dómgreind, annars dytti honum þetta ekki í hug.

Margt fleira mætti tína til sem fram kemur af afgerandi skoðunum í Dalalífi og má þar nefna fordóma og áfellingisdóma umhverfisins. Ennfremur áfengisbölið sem er rauður þráður í gegnum söguna. Jón bóndi á Nautafötum á við slíkan vanda að stríða og virðist hafa þá tilhneigingu frá Hallgrími föður sínum. Hið rétta faðerni Jóns kemur upp á yfirborðið á dánarbeði Jakobs eldra, sem er með óráði og segir opinskátt við son sinn þegar hann segist ætla til læknisins: „Þú ættir ekki að venja komur þínar í það hús; það verður þér til ógæfu, eins og honum föður þínum. Það var í því húsi, sem hann drakk frá sér heilsuna og vitið [...] þú líkist honum alltaf meir og meir, sama gasprið og ábyrgðarleysið [...]“ Þarna er köldum sannleika varpað upp, en Lísibet húsfreyja er fljót að kæfa málið: „Þetta er óráð,“ segir Lísibet með óstyrkri röddu. Hann er ekki með réttu ráði. Kveddu hann góði minn og vertu svo fljótur sem þú getur“ (Guðrún frá Lundi 2000:532). Jón fer og málið er ekki rætt frekar. Í þetta sinn sem ávallt reynir Lísibet að vernda son sinn fyrir öllu óþægilegu í lífinu. Þrátt fyrir þær kröfur sem hún gerir til sín og annarra um vandað lífverni og reglusemi í einu og öllu ber hún ætíð blak af syni sínum og drykkjuskap hans. Þessa má glögg sjá merki þegar Hildur, systir Hlífar húsfreyju á Ásólfstöðum, fer að gildna undir beltí og sögur ganga um að Jón á Nautafötum sé valdur að því: „Það var mikið, að svona lagað var ekki fyrir komið fyrir

Jón, þennan slarkara,“ sagði eldra fólkið með vandlætingarsvip“ (Guðrún frá Lundi 2000:165). Þegar Lísibet fréttir af þessu tekur hún málin fljótt í sínar hendur. Hún á fyrst langt eintal við son sinn frammi í stofu og ríður svo daginn eftir yfir að Ásólfstöðum og situr þar yfir Hildi hálfan daginn. Næsta sem menn vita er að mikið af álnavöru er keypt og Hlíf og Hildur sauma daginn út og daginn inn. Hildur fer síðan ein til Vesturheims með næsta skipi sem kemur á Ósinn. Málið er þar með snyrtilega og hljóðlega frágengið. En í Hildi bærast blendnar tilfinningar, hún hefur tapað orustunni: „Einu sinni hafði hún ætlað sér að brjótast til valda þarna á höfuðbólínu frammi í dalbotninum, eða eins og Valgerður [húsfreyja á Hrafnstöðum] orðaði það, sýna drottingunni kónginn. En ásinn var á hendinni hjá Lísibetu Helgadóttur“ (Guðrún frá Lundi 2000:170-171).

Höfundur bendir á afgerandi hátt á vald höfðingjanna og þann þrönga ramma sem fólki var skapaður á þessum tíma. Margir voru þvingaðir til að mæta örlögum sínum og henda frá sér öllum draumum um aðra framtíð en þeim var ætluð. Þetta á sérstaklega við um konur. Inn í þetta fléttast svo stóra spurningin: Á fólk að sætta sig við þetta eða getur það farið? Og ef það fer, hvaða afleiðingar mun það þá hafa?

### 8.1.6 *Leiðin burt*

Segja má að persónurnar í Dalalífi séu leiddar móðurlega til að dvelja áfram í dalnum, en þó er það gert með harðri hendi. Ef fólk neyðist til að fara er það helst flótti vegna óþægilegra atburða eða ástands, eins og vegna óæskilegrar þungunar. Eða þá að fólk er sent burt af því tilvist þess er á einhvern hátt óþægileg fyrir Nautaflatafólkið. Það virðist því ekki vera hugsun Guðrúnar að eftirsóknarvert sé að fara langt frá æskuslóðunum. Þar sýnist gott að vera og öllum óskum er þar fullnægt. Þannig segir Erlendur á Hóli við son sinn ungan þegar sá litli gefur í skyn að hann geti valið um hvort hann búi í dalnum eða utan hans þegar hann verður stór: „Jú, auðvitað verðurðu bóndi á Hóli góðurinn. Hvað ættirðu annað að taka fyrir? Það er óvíða betra að búa en hérna í dalnum hjá okkur“ (Guðrún frá Lundi 2000:1261). Málið var ekki rætt frekar. Það er ljóst að Erlendur hefur ekkert annað í huga fyrir drenginn sinn en sama hlutskipti og hann hafði sjálfur átt. Önnur framtíð er ekki til. Ekki er alveg auðvelt að ráða í afstöðu söguhöfundar. Ein kenningin gæti verið sú að dalurinn sé öllum nóg, annað þurfi ekki að leita og lífshamingjan felist í að vera sáttur við sitt góða hlutskipti. Eða hvað? Má kannski frekar skynja þann tón að fólk geti átt möguleika á öðrum kostum en að vera

alltaf heima? Er það þess vegna sem drengurinn veltir þessum möguleika upp? Og er það þess vegna sem málið er afgreitt svona einhliða og ákveðið – af því það var tíðarandinn að slík umræða væri fjarstæða?

Það eru fáar leiðir út úr dalnum en ein þeirra liggur til Ameríku. En þangað fer fólk einungis ef það þarf að flýja eitthvað eða hverfa af vettvangi. Þetta má t.d. heyra í rödd Þórðar í Seli í samtali við Þóru í Hvammi. Hún segir við hann að hann hefði bara átt að fara til Ameríku vorið áður. Svar Þórðar er þetta: „Ég get svo sem ekki borið á móti því að mér dytti það í hug, en það gat ekki orðið af því. Satt að segja er mér illa við það nafn – Ameríka [...]“ (Guðrún frá Lundi 2000:1294).

### 8.1.7 Skuggahliðar

Í dalnum er sem sagt hamingjuna að finna. Eða svo gæti virst við fyrstu sýn. Eða eru skuggahliðar á þeim dýrðarstað? Ekki er t.d. alveg laust við að gæti innilokunarkenndar hjá lesandanum fyrir hönd sumra persónanna í dalnum. Anna húsfreyja gerir t.d. ítrekaðar tilraunir til að fara, ýmist með því að flýja eða reyna að taka eigið líf. En alltaf er eitthvað sem kemur í veg fyrir að hún komist burt. Að lokum hefur hún sætt sig við það sem orðið er: „Einu sinni datt mér í hug að gerast farfugl og fara til annars lands, en nú tilheyrir sú hugsun ömurlegri fortíð. Ég ætla að lifa og deyja í dalnum mínum“ (Guðrún frá Lundi 2000:1594). Hafa ber í huga að Anna er ekki upprunnin úr dalnum. Hversu mikið tilheyrir þessi þrá hennar söguframvindunni og hversu mikið byggist hún á innri tilfinningum höfundarins sem aldrei fór úr sinni heimasveit? Lesandinn getur velt þessu fyrir sér þegar hann rekst á setningu eins og þessa, sem kemur úr munni Önnu: „Ó, þessi dalur, það er meira hvað allir elska hann, sem í honum hafa fest rætur“ (Guðrún frá Lundi 2000:1747).

### 8.1.8 Tvær hliðar

Í persónu Önnu og víðar í skrifum Guðrúnar um sveitasamfélagið má merkja tvíhliða tilfinningu. Hún átti þess sjálf aldrei kost að fara neitt að heiman og lætur ýmsar persónur í Dalalífi vera eins, þ.e. þær fara ekki nema þá rétt af bæ og bara karlmennirnir eru sendir til náms. Konurnar verða kyrrar nema þær séu óalandi eins og ýmsum finnst Dísa vera, og þá er til hilla einhvers staðar annars staðar fyrir þær. En þær verða ekki endilega hamingjusamar þar og þrá jafnvel að koma til baka.



Hafa ber í huga að Dalalíf er hugsað og skrifað á löngum tíma og því má reikna með að viðhorf höfundarins hafi eitthvað breyst á meðan á því stóð. Þegar Guðrún leggur síðustu hönd á söguna er liðið á 5. áratuginn, seinni heimsstyrjöldinni lokið og nýir kostir blasa við ungu fólki. Guðrún sér tækifæri kvenna allt í kringum sig miðað við hvernig ástandið var þegar hún var yngri. Ef greind kona með metnað upplifir slíkt hlýtur það að vekja hana til umhugsunar. Í sögulok bíður Dísu að fara frá Nautafötum og þar með úr dalnum. En fallegur er hann og kveðjustundin minnir á för Gunnars á Hlíðarenda, nema Dísu fer en hann sneri aftur. Samlíkingin er áhugaverð. Í lokin talar rödd sem er sáttt við stöðuna eins og hún er, enda engin önnur leið fær:

Það er liðið að miðaftni. Sólin uppljómar dalinn og ilmandi heilykt berst með hægum sunnanblæ af nýþurrkaðri töðu, þegar ferðakonan ríður fram hjá bæjunum. Þar er alls staðar verið að bera saman fyrstu töðusætin á sumrinu. Hún hefur aldrei kvatt dalinn eins fagran og nú. Helzt hefði hún kosið að sitja þannig á hestinum, að hún gæti horft heim að Nautafötum, meðan þeir [svo] eru sjáanlegir. En þeir eru að baki – hverfa inn í fortíðina með öllum sínum sólríku gleðistundum og dimmu vonbrigðaskuggum. En fram undan sýnist henni hilla undir bjartari framtíð en áður. Hún hlakkar til að koma heim (Guðrún frá Lundi 2000:2189).

### 8.1.9 Hlutskipti

Líta má á Dalalíf sem þroskasögu persónanna. Sumir breytast en aðrir minna. Borghildur er t.d. alltaf sama tryggðartröllíð og virðist fullmótuð frá upphafi. Sama má segja um Lísibetu. Jón breytist ekki mikið, enda fær hann ekki það aðhald frá umhverfi sínu að hann þurfi þess nema þá helst frá Önnu. Hann bætir sig þó með óregluna og þá fyrst og fremst hennar vegna. Dísu vinnukona er athyglisverð persóna og lesandinn fær að fylgjast vel með hugsunum hennar. Að lokum er það svo hún sem sagan endar með, en þar er Dísu orðin sáttt við að fara frá Nautafötum. Þórður í Seli er alltaf sami góði maðurinn og örlæti hans og tryggð virðast engin takmörk sett. Honum er líka færð hamingjan að lokum þegar honum hlotnast Lína sem hann hafði elskað svo lengi. Þóra í Hvammi sættir sig við það að fá ekki að eiga Jón Jakobsson en eignast Sigurð í staðinn þótt hann sé gallagripur. Hún þroskast á því sem hún gengur í gegnum og heldur virðingu sinni allan tímann. En það er ekki sársaukalaust. Þegar hún stendur ein í baðstofunni á Nautafötum með vonbrigði í hjarta sér hún mynd af Jóni og tekur hana upp og kyssir hana. Hún ber í hjarta heita ást til Jóns en veit að vonir hennar þar að lútandi eiga ekki eftir að rætast og með því verður hún að læra að lifa: „En hún gæti

aldrei gleymt. Allt minnti hana á vonirnar dánu“ (Guðrún frá Lundi 2000:125). En þótt Þóra geti verið stórlynd og einþykk er hún jafnframt sterkur persónuleiki og beitir sig hörðum aga. Í stað þess að grípa til örþrifaráða finnur hún sér viðfangsefni til að gleyma sorgum sínum. Hún leggur grunn að matjurtagarði, sem er nýjung í búskapnum í Hvammi. Þegar Lísibet fréttir þetta réttir hún henni dygga hjálparhönd og ætla má að hún finni til þess sem hún hefur fengið áorkað með stjórnun sinni á Jóni í hjúskaparmálum.

Anna er tvímælalaust einnig lykilpersóna í sögunni. Hún er ekki úr dalnum en er tekin í fóstur á Nautafötum, þar sem hún er látin setjast í húsfreyjusætið um leið og hún hefur aldur til. Hún fær litlu um örlög sín ráðið, en hreppir þó prinsinn á Nautafötum sem ýmsar aðrar konur hefðu viljað eignast. Lesandinn fær að kynnast Önnu vel og fylgjast með hugsunum hennar.

## 8.2 Land og synir

### 8.2.1 Meginartilboð

Í Landi og sonum eru skilaboðin ekki eins margþætt og í Dalalífi. Meginumfjöllunarefnið er skýrara, þ.e. uppgjörð við fortíðina og vistaskiptin. Gunnar Stefánsson greinir frá því í minningargrein um Indriða í Morgunblaðinu að honum hafi farist svo orð um Land og syni: „Land og synir er um burtför. Ungi maðurinn yfirgefur áttthagana, en stúlkan verður eftir af því hún er hluti þeirra“ (Gunnar Stefánsson 2000:45).

Umfjöllunarefnið er þráin eftir að breyta til, finna sér nýjan vettvang í stað samfélags sem ekki á sér framtíð lengur. En gjaldið er hátt, því þráin eftir heimahögunum getur verið sár og knýjandi og breytingin mikil. Ýmis tákni eru í bókinni svo sem hesturinn Hvítungur sem er felldur og lambið sem er skorið. Aðgerðirnar bera vott um miskunnarleysi sveitalífsins, en dýrin tvö tákna samt fyrst og fremst veröld sem á sér ekki framtíð og endalokin sem eru óumflýjanleg. Þau verða að deyja til að lífið geti haldið áfram. Í grein í Andvara 1998 skrifar Kristján B. Jónasson að harmrænn endir Sjöttú og nú af stöðinni og tregafullir kaflar Lands og sona bendi til þeirrar skoðunar að ný samfélagsskipan eftirstríðsáranna væri grundvölluð á óheyrðu miskunnarleysi, ef ekki hreinlega morði. Allir þjóðvegir enduðu í höfuðborginni og þaðan lægi engin leið

til baka (Kristján B. Jónasson 1998:108). Þetta kemur heim og saman við grimmdina sem Indriði dregur fram með Hvítungi og lambinu.

Raddirnar sem fram koma í Landi og sonum eru gjarnan pólitískari en hjá Guðrúnu samanber samtal Einars og Tómasar í miðjum fjárrekstri:

- Fólkið vill rafmagn.
- Til þess þarf peninga.
- Já.
- Og hvar á að taka þá.
- Hvers vegna eru alltaf til nógir andskotans peningar nema þegar þarf að nota þá í sveit (Indriði G. Þorsteinsson 2004:80).

Fram koma tvö meginsjónarmið, í viðhorfum föðurins annars vegar og sonarins hins vegar. Kannski sá Indriði föður sinn að einhverju leyti í Ólafi sem ekki hefði þrífist utan sinnar sveitar og ekki passað í þann heim sem Einar sonur hans þræði. Í frásögn sem Indriði skrifar fyrir Skagfirðingabók 1984 rekur hann feril föður síns og segir m.a. frá því þegar hann bjó í Reykjavík. Hann segir honum ekki hafa liðið illa þar en hugur hans hafi þó löngum dvalist fyrir norðan. En einhverntíma hafi hann gert vísu um hugarástand sitt svo fjarri heimabyggðum og segi þar að jafnvel skýin séu áttavillt<sup>18</sup> (Indriði G. Þorsteinsson 1985:174).

Í bókarlök verður Einari ljóst að stúlkan hans, sem er tákn fyrir héraðið sjálft, mun ekki fara með honum úr sveitinni, hún hefur ákveðið að leita hamingjunnar heima. Myndin sem dregin er upp af þessu og þeirri staðreynd að stúlkan mætir ekki í rútuna er eins og undirstrikuð af ánni (Héraðsvötnunum). Snjórinn þekur landslagið eins og autt blað og áin er svört eins og lína sem dregin er eftir því:

[...] og hann horfði á ána auða og lygna, eins og á sumrin þegar hún hafði verið leikfang hans og laxinn var genginn í hana. Hún ein var dökk. Og svört slóð vatnsins bugðaðist út hvíta breiðu eylendisins undir hólnum og veginum, sem hún hafði ekki gengið og ekki hafði verið sporaður þennan morgun. Þrátt fyrir það var hún stúlkan hans og engin nema hún, án sársauka og óþols yfir að hafa beðið, og hún héldi áfram að vera stúlkan hans þótt aldrei kæmi slóð í þennan snjó (Indriði G. Þorsteinsson 2004:147).

<sup>18</sup> Við leit vegna ritgerðarsmíðarinnar hefur þessi vísa ekki fundist.

Þannig verður stúlkan eftir en er samt tekin með í hjarta ferðalangsins. Maður fer sem sagt að heiman af því að aðstæður kalla á það og af því að þrjár manns og draumar gera það að verkum að maður passar þar ekki lengur. En minningin er sterk og ræturnar kalla. Þetta eru því í raun ekki alger skil því tengslin eru fyrir hendi áfram og æskuslóðirnar eiga sér alltaf ákveðinn stað í sálinni þótt þær hafi verið yfirgefnar.

### 8.2.2 *Að fara eða vera*

Land og synir fjallar um eina meginhugsun og hún er uppgjörið og spurningin um það hvort eigi að fara frá uppruna sínum eða vera honum nær. Rökræðan er staðföst í gegn um bókina og bæði sjónarmið sett fram. Þannig er eins og söguhöfundur sé tvískiptur og helmingarnir séu á öndverðum meiði. Vésteinn Ólason hefur einnig bent á ákveðið misræmi er þetta varðar í tveimur verkum Indriða, annars vegar í Landi og sonum og hins vegar í Þjófi í paradís. Hann setur fram þá skoðun að fyrri bókin hafni alfarið hugmyndafræði aldamótakynslóðarinnar og hugsjónum hennar sem einkum einkenndust af dýrkun á bóndanum og starfi hans. Þjófur í paradís lýsi bændasamfélaginu hins vegar nákvæmlega eins og hugsjónamenn aldamótakynslóðarinnar sáu það fyrir sér (Vésteinn Ólason 1981:132). Hér verður sem sagt ekki alfarið tekið undir þetta og bent á að í raun koma fram tvö sjónarmið í Landi og sonum. Sú staðreynd að Einar tekur ákvörðun sína í stíl við sitt viðhorf er eðlileg þegar á það er litið að það er um framtíð hans að ræða og hann er ungur og metnaðargjarn. Það hugarfar á líklega illa við í sveitinni. Nægjusemi og rólyndi Ólafs gera það hins vegar að verkum að hans hamingja er fólgin í því að vera kyrr þar, og sama má segja um Margréti í Gilsbakkakoti.

Þannig verður í raun ekki alveg í það ráðið hvort söguhöfundur talar í Einari eða föður hans. Lesandinn finnur hins vegar glögglega baráttuna um að setta sig við þá ákvörðun sem tekin var. Kannski hefur það áhrif á hversu þung áherslan er í mótrökum þess sem vill vera: „Öll mín ævi er hér og ég á aðeins eitt ferðalag fyrir höndum“ (Indriði G. Þorsteinsson 2004:26). Þessi orð Ólafs gamla á Gilsbakka eru merkingarþrungin. Hér talar einstaklingur sem er sáttur við líf sitt og það sem það hefur haft upp á að bjóða. Einar er hins vegar ekki í jafnvægi. Í honum talar hin röddin, rödd uppreisnarinnar. Hann þarf meira en það sem hann hefur heima fyrir; hann vill fara. Hann segir: „Bændur eru deyjandi stétt“ (Indriði G. Þorsteinsson 2004:102). Og við kaupfélagsstjóran tekur hann þetta saman í hárbeittri ádeilu á stöðnun íslensks landbúnaðar: „Hefurðu séð þessar jarðir. Þær eru húslausar og túnin hafa ekki stækkað og þær eru enn uppi í

hæðum og hlíðum, óhreyfðar frá þeim tímum, þegar menn treystu á beit“ (Indriði G. Þorsteinsson 2004:101).

Kristján B. Jónasson hefur bent á að þegar Land og synir er skrifað sé vélvæðing sveitanna orðin staðreynd og sá heimur sem Indriði skrifar um sé þar með breyttur. Það sé því ekki einungis þéttbýlið og hin víða veröld sem sé öðruvísi heldur líka sveitalífið. Þar með sé sá heimur sem Indriði lýsir horfinn. Í Landi og sonum sé þetta hins vegar einungis farið að gerast í höfðum manna eins og Einars; ferlið er ekki komið lengra. Tæknin hafi því við útkomu bókarinnar í raun þegar verið búin að eyðileggja þá hrynjandi sem Indriði skrifar um í verkinu: „Það er erfitt að sjá fyrir sér að hægt sé að lýsa þeim skynheimi náttúru og vinnu sem hér er dreginn upp nema aðeins með því að útiloka þaðan véltæknina“ (Kristján B. Jónasson 1998:113). Indriði lýsir þessu sjálfur svona:

Í gamla daga voru engar vélar, en þá komu kaupamenn með orf sín og ljái og þá var gengið til sláttar, fyrst á túni og síðan á engjum og stundum voru fengnar kaupakonur. Oft hittist á góða þurrka og þá gekk heyskapurinn vel. Þá var ekkert vélaskrólt við heyskapinn, heldur fólk, sem veltist um af hlátri hvenær sem slakað var á, bæði í matartímum og eftir vinnu á kvöldin. Það var svo gaman að hlusta á fólkið tala saman, segja skráttur og smásögur eða bara blanda geði með samræðum um daginn og veginn (Indriði G. Þorsteinsson 1986:50).

Hér er brugðið upp bjartri og fallegru mynd af sveitinni. Ekkert er talað um óarðbær landbúnaðarstörf, vinnuálag, myrkur eða slæm húsakynni. Þess í stað minnst Indriði samveru fólksins og friðsældarinnar sem fylgdi einfaldara lífi. Í honum togast á viðhorf þess sem vildi vera og þess sem fór.

Sá sem fer er svikari við sveitina sína, hann hefur brugðist. Þetta viðhorf er líklegt að Indriði hafi einhverntíma heyrt í sinni heimabyggð. Sama viðhorfs gætti jú á árum áður þegar sem mest var um flutninga Íslendinga til Vesturheims. Indriði dregur þetta t.d. inn í söguþráðinn þar sem hinn gamli fyrrum sveitungi Örlygur er á ferð. Örlygur er tákmynd þess brottflutta. Hann er líka fulltrúi hins fjarlæga heims, því hann fór ekki bara til Reykjavíkur heldur alla leið til Danmerkur. Umræðan kristallast í eftirfarandi setningum sem þeim Ólafi fara á milli þar sem sá síðarnefndi segir: „Ekkert þjóðfélag getur verið án bænda.“ Og Örlygur svarar: „Hér verður það ekki uppgötvað fyrr en engir bændur eru eftir“ (Indriði G. Þorsteinsson 2004:60).

Lok samskipta gamla tímans (Ólafs) og þess nýja (Örlygs) verða svo með þeim hætti að Örlygur stígur upp í glæsibifreiðina og mælir til bílstjóra síns á erlendu framandi máli. Síðan aka þeir áhyggjulausir burt en Ólafs bíður sjúkrahúsið og dauðinn. Þannig er dökk hlið örlaga gamla mannsins máluð skýrum litum, það er engin von framundan fyrir þann sem veðjar á gamla tímann, hans bíða bara endalokin á meðan hinn brunar áfram veginn. Sama boðskap má sjá í því sem Einar segir við ráðskonuna á gistihúsinu þegar hann er á leiðinni að heiman. Hann ætlar ekki að taka hundinn sinn Kóp með sér en gefur hann ráðskonunni:

- Ég veit hann verður í góðum höndum, sagði hann.
- Og honum liði betur hér en fyrir sunnan. Fólk getur flutt í kaupstað, en það blessast aldrei með dýrin. Er það ekki skrytið.
- Ekki þegar maður er að hugsa um það (Indriði G. Þorsteinsson 2004:145).

Óljóst svar Einars lætur lesandanum eftir að ráða í dýpstu tilfinningar hans og skoðanir. Á þessum tímapunkti er ákvörðun hans um að flytjast á brott orðin að veruleika. Var það af því það lá beint við og hann gat ekki annað? Hann hafði enga trú á að landbúnaðurinn ætti sér möguleika. En átti hann að fara? Í orðunum liggur að dýrin ættu heima í sveitinni, þau þekktu ekki annað og þyrftu frelsið sem þar er. En hvað um mannskepnuna?

Þetta er togstreitan og jafnframt uppgjörð sem tekist er á við. Kristján B. Jónasson orðar það svo: „Harmur bókarinnar felst ekki í því að Einar verði að fara úr sveitinni – hann vill fara – heldur að með honum tapast fyrir fullt og allt tilfinning fyrir einstöku sambúðarformi manns og náttúru, aldagömul menning sem aldrei kemur aftur (Kristján B. Jónasson 2004:10). Þessi tónn er hljómmikill í sögunni enda tilfinningin sterk. Hún herjar á skáldið alla tíð eftir að hann fór að heiman og er óyfirstíganleg.

Þegar upp er staðið er ákvörðun Einars um að fara vissulega knýjandi en hún er ekki sjálfsprottin. Hún kemur til vegna ytri aðstæðna því heimurinn sem hann þekkti mun hverfa og þannig deyja frá honum alveg eins og faðir hans gerði. Hann verður þess vegna að halda á brott. Það þýðir hins vegar ekki að honum þyki ekki vænt um gamla tímann og eigi sér ekki rætur í honum. Lausnin felst í því að hann tekur hann með sér í hjarta sínu. Stúlkan hélt sem sagt áfram að vera hans þótt hún væri ekki hjá honum.

Þrátt fyrir þessi sálarátök er laumað inn á milli heimspekilegum hugleiðingum um hvað maðurinn skipti í raun litlu máli í heildarmyndinni og þá áhyggjur hans og ákvarðanir sömuleiðis. Eftir situr landið alveg eins og maðurinn hafi þar aldrei komið og tímans straumur rennur áfram þungur og eilífur. Svo er sagt um hugsanir gamla Ólafs: „En eftir langa ævi var sjóndeildarhringurinn honum jafn kunnur og andlit á gömlum vin. Ekkert hafði breyzt nema fólkið var farið“ (Indriði G. Þorsteinsson 2004:51).

### 8.2.3 Skáldið

Matthías Viðar Sæmundsson tekur viðtal við Indriða árið 1985. Það er á margan hátt lykill að huga þess síðarnefnda, sem þarna er þroskaður og nokkuð dómharður einstaklingur um sextugt. Viðtalið ber heitið Útlagi í tímanum og heitið eitt og sér segir margt. Þar segir Indriði m.a. svo:

Stærsti vandi okkar nú er að þín kynslóð vill ekkert vita um það sem gerðist í gær. Samhengið hefur slitnað. [...] Rótleysið stafar meðal annars af því að við erum ennþá á hreyfingu á milli sveitar og bæjar, við erum strjálbýlismenn í þéttbýli, breytingin ekki gengin yfir. Þess vegna er þjóðlífið vakurt og festulaust, fullt af fjarstæðum og nauðsynjaleysum. Kyrrstaðan er meira að segja að hverfa úr sveitinni. Á sínum tíma skrifuðu menn gáfulegar greinar um að íslensk menning myndi varðveitast til sveita. Það var glapsýn. Bændasamfélagið er komið á hjól. Ég bind hins vegar vonir við að þjóðfélagið hafi náð jafnvægi eftir öld eða svo (Matthías V. Sæmundsson 1985:61).

Í ummælunum gætir vissulega þroska, raunsæis og festu en jafnframt nokkurs trega og jafnvel angurs. Það er eins og þessi hugsun hafi alltaf búið í honum, vitundin um að það sem einu sinni var kæmi aldrei til baka.

Andrés Kristjánsson kemst svo að orði í gagnrýni um Land og syni: „Mér virðist höfundur hafa það í hyggju með byggingu sögunnar, að búa svo í haginn með hinum lýsingapunga fyrri hluta, að samtölin geti í síðari hlutanum sagt miklu meiri og lengri sögu en fram kemur í stuttyrtum tilsvörum og orðaskiptum, og að honum takist afburðavel að ná þessu marki“ (Andrés Kristjánsson 1963:7). Sem gott dæmi um þetta má taka eftirfarandi orðaskipti á milli Margrétar í Gilsbakkakoti og Einars. Hún skilur ekki þessa miklu þörf á að fara án þess að fyrir liggi ákveðinn áfangastaður, en honum

finnst mestu máli skipta að fara – komast burt. Þótt ekki sé nema til þess að vera jarðsettur annars staðar en heima hjá sér:

- Það verður að gera meira en gott þykir, sagði hún.
- Þau orð ætti að mála á himininn yfir þessari byggð.
- Mér væri alveg sama hvar þú málaðir þau.
- Hér sitja allir og gera fleira en þeim gott þykir, unz þeir safnast til feðra sinna.
- Hvert ættu þeir að fara.
- Hvers vegna ættu þeir ekki að fara.
- Ég skil þig ekki.
- Það yrði þó alltaf spurning um annan kirkjugarð, sagði hann (Indriði G. Þorsteinsson 2004:73).

#### 8.2.4 *Gagnrýni og áhrif hennar*

Áhugavert er að stikla á stóru er varðar þá gagnrýni er Indriði fékk um helstu verk sín á sínum tíma, vegna áhrifa hennar á skrif hans. Þegar Sjötú og níu af stöðinni kom út segir Hallberg Hallmundsson að Njörður P. Njarðvík hafi látið þau orð falla að Indriði hafi unnið yfirburðasigur með þessari fyrstu skáldsögu sinni. Erlendur Jónsson taldi slíkt hins vegar ofsagt og Bjarni frá Hofteigi sagði í ritdómi sínum að verkið væri skrifað í stíl annars manns og átti þá við Hemingway. En Bjarni lýkur umfjöllun sinni þó á að taka saman kostina og draga gallana frá og þá er niðurstaðan þessi: „Bandíttinn úr Norðurgötunni<sup>19</sup> hefur skrifað hugtæka bók“ (Hallberg Hallmundsson 1992:III og Bjarni Benediktsson frá Hofteigi 1955:7).

Tilfinningin sem komið er til skila í Landi og sonum er djúphugsuð. „Ég hygg þetta hafi verið bókinn hans Indriða“ segir vinur hans Jón Ormar Ormsson, sem þekkti hann vel og segir hann ekki hafa notið þeirrar viðurkenningar sem hann átti skilið fyrir ritstörf sín. Þetta má sjá af orðum Indriða um „menningarmálfuna“ eins og hann kallar það í viðtali árið 1985 (Matthías V. Sæmundsson 1985:59). „Að hluta til kom það til vegna þess að hann var ritstjóri dagblaðs sem stjórnmalaflokkur gaf út“ segir Jón Ormar. Hann segir Indriða hafa haft ríka kímniáfu, en hann hafi verið afar viðkvæmur. „Hann var eins og lifandi kvika og stundum féll honum þungt ef honum fannst hann vera ranglæti beittur“ (Jón Ormar Ormsson 2009). Sem dæmi um ástæðu fyrir slíku má nefna afar sérstakan ritdóm sem Steingrímur Sigurðsson skrifaði um Sjötú og níu af stöðinni í Stefni árið

<sup>19</sup> Þegar fjölskylda Indriða fluttist til Akureyrar bjuggu þau fyrst á Norðurgötu 15 (Indriði G. Þorsteinsson. 1986:24).



1955. Þar er einnig talað um áhrif Hemingways á verk Indriða eins og fleiri gagnrýnendur áttu eftir að gera síðar. Hér verður ekki tekin afstaða til þess sjónarmiðs. En grein Steingríms öll er afar beinskeytt, hrokafull og óvægin í garð höfundarins og verka hans og það féll Indriða eðlilega þungt, þó svo að Steingrímur sem slíkur tilheyrði ekki þeim fagheimi sem Indriði varð síðar sárastur út í. Verk Indriða eru talin illa stílaðar eftirlíkingar og hann jafnvel vændur um að slá sitt eigið móðurmál til jarðar og kunna ekki með það að fara. Gagnrýnin er þannig sett fram að orðin meiða og greinin endar svo:

Ef sagan [Sjötú og níu af stöðinni] er í heild skoðuð sem listrænt verk, verður niðurstaðan neikvæð. Hún er ekki skáldskapur, en hún er margslungin eftirlíking, sem ógagnrýninn lesari getur þó lesið sér til skemmtunar sem reyfara [...] En við annan yfirlestur – og tíðari – stenzst hún ekki einu sinni prófstein góðs reyfara, því að þá verða ambögur og misfellur í hugsuninni svo yfirþyrmandi í augum manns, að þær kæfa atburðarás og jafnvel lama stílhraðann, sem höf. byggir þó einungis verkið á.

Að lokum talar Steingrímur um bókina sem varhugavert fordæmi fyrir heiðarlega byrjendur á rithöfundarbraut (Steingrímur Sigurðsson 1955:88).

Í umfjöllun um bókina í Skírni segir Jónas Kristjánsson að útkoma hennar hafi verið með nokkrum stórmerkjum, líkt og fæðing þeirra manna sem eigi eftir að marka djúp spor. Sumir hefðu jafnvel verið farnir að ætla Indriða nóbelsverðlaunin fyrir bókina og flestir hefðu borið á hana mikið lof í ritdómum. Hann segir auga Indriða í bókinni yfirleitt vera mjög glöggt og myndirnar lífi gæddar, en þótt allt virðist einfalt og sjálfsagt væri ekki öllum gefin slík sjón. En Jónas staðfestir áhrif Hemingways í ritdómi sínum og segir málfarið á bókinni vera engu líkara en að vera þýtt úr annarri tungu. Hann talar ennfremur um að Indriði hefði ekki þurft að fara lengra en í formálann að þýðingu Stefáns Bjarman<sup>20</sup> að Klukkan kallar til að sjá þar sömu notkun á lýsingarhætti nútíðar og kemur fram í Sjötú og níu af stöðinni. Hann segir að margt hið besta í bókinni sé komið frá Hemingway: myndvísin, einfaldleikinn og hin hröðu samtöl (Jónas Kristjánsson 1955: 202-205).

<sup>20</sup> Þýðandi (1894-1974). Stefán íslenskaði m.a. Þrúgur reiðinnar eftir John Steinbeck, Klukkan kallar eftir Ernest Hemingway og Umrenninga eftir Knut Hamsun. Indriði hafði kynnst Stefáni og þýðingarstörfum hans á Akureyri þegar hann bjó þar.

Ummæli sem þessi hljóta að hafa sviðið mjög og það hefur þurft hugrekki til að rífa sig upp úr depurðinni og reiðinni og finna sköpunarkraftinn aftur. Dómur Steingrims var líka af mörgum talinn grófur og ósanngjarn og hermt er að hann hafi síðar ekki séð eftir neinu eins og að hafa sett þessi orð á blað. En það varð ekki aftur tekið og sat mjög í Indriða (Jón Ormar Ormsson 2009). Í gagnrýni Ólafs Jónssonar um Land og syni árið 1963 kveður hins vegar við annan tón. Þar nefnir Ólafur hinn hlutlæga stílhátt Indriða sem hann segir að sé nú orðinn alpersónulegur, unninn og þjálfður og gjaldi hvergi fyrirmynda sinna eins og stundum áður. Með betri málfarstökum fylgi líka aukin smekkvísi í meðferð málsins (Ólafur Jónsson 1963:3). Þess verður að geta að þegar Sjötú og nú af stöðinni kom út voru lesendur ekki sammála neikvæðum gagnrýnendum og það varð afar vinsæl bók sem í dag hefur öðlast ákveðinn sess sem lykilverk um ölduföll stríðsáranna í lífi landans. Ekki er lengur minnst á Hemingway þegar nafn Indriða er nefnt.

Þessi lífsreynsla hefur hins vegar vafalaust orðið jafn tilfinningaheitum manni og Indriða erfið. Nærri þrjátíu árum síðar er honum þetta ennþá í huga í viðtali við Illuga Jökulsson: „Menn höfðu haldið því fram að ég væri einnar bókar maður, og gæti aldrei skrifað aðra bók en Sjötú og nú af stöðinni, sem þar að auki væri stolin og stæld frá Hemingway“ (Illugi Jökulsson 1982:17).

Land og synir koma út átta árum á eftir Sjötú og nú af stöðinni. Þar hefur Indriði gefið sig allan. Bókin er meitlað verk þar sem hvert orð er þaulhugað. Hann segir í viðtali löngu seinna: „Það eru sko engar frístundir hjá mér þegar ég er að skrifa bók!“ (Illugi Jökulsson 1982:16). Bókin hlaut líka almennt góða dóma. Andrés Kristjánsson nefnir Sjötú og nú af stöðinni í sömu andrá í umfjöllun sinni um bókina:

Að öllu samanlögðu hlýtur Land og synir að teljast miklu betri bók en Sjötú og nú af stöðinni, þó að hin síðarnefnda sé ef til vill tilþreifameiri [svo] skáldsaga og æsilegra lestrargaman. Þar eru tilfinningasveiflurnar sterkari. Í Land og synir [svo] ríkir fágaðri yfirvegun, hnitmiðaðra vald og jafnvægi og yfirsýn þroskaðri manns. En þessar tvær sögur verða ekki sundur skildar. Hvor um sig skýrir hina og fyllir og þær renna saman í eina mynd (Andrés Kristjánsson 1963:7).

Það hlýtur að vera mikilvægt fyrir rithöfund að geta tekið gagnrýni þannig að hún snúist ekki upp í hömlun á sköpunarverk hans og komi jafnvel í veg fyrir að þau verði fleiri. Indriði hafði lagt sál sína í ritsmíðar sínar þar sem ástríðan fólst í að lýsa horfnum heimi

og gefa honum þar með eilíft líf. Nákvæmni hans og vandvirkni hafa síðan vaxið með hverju verki og kemur þar bæði til hörð utanaðkomandi gagnrýni og hans eigin tilhneiging til vandaðra vinnubragða. Ennfremur meiri þroski eftir því sem árin liðu og hann náði meiri fjarlægð á æsku sína í Skagafirðinum. Kannski er þetta ein skýringin á mismunandi samfélagsmynd í Landi og sonum (1963) annars vegar og Þjófi í paradís hins vegar (1967).

## 9. Niðurlag

### 9.1 Hamingjan

„Skáldskapurinn er í eðli sínu þannig að hann á að skipta mann máli, hreyfa við manni og jafnvel breyta. Skáldskapur á að láta þig draga þína eigin tilveru og samtíma í efa“ (Jón Kalman Stefánsson 2009:3).

Bæði verkin sem hér hefur verið fjallað um setja fram túlkun á fortíðinni en draga samtímamann jafnframt í efa. Þar með er einnig sett fram spurningin um í hverju hamingjan felist fyrir einstaklinginn. Báðar sögurnar eru skrifaðar á tímum eftirstríðsáranna þegar einkennileg blanda af lífsleiða og lífsþorsta einkenndi hugarástand margra eins og Guðmundur Andri Thorsson kemst að orði í inngangi að fjórða bindi Íslenskrar bókmenntasögu (Guðmundur Andri Thorsson 2006:13). Segja má einnig að þau hafi bæði verið vanmetin af bókmenntaelítu síns samtíma. Annar höfundurinn var eldri ómenntuð kona sem ekki hafði farið neitt um ævina. Hinn hafði ekki endilega sömu skoðanir og ríkjandi samferðamenn í bókmenntaheiminum og var þar að auki ekki langskólagenginn.

En hvert er leyndarmál góðs árangurs höfunda? Er það fólgið í viðurkenningu og hvatningu samtímans? Og er það þá viðurkenning bókmenntajöfra hvers tíma eða lesenda sem gildir? Oft fer þetta tvennt nefnilega ekki saman.

Afstaða skáldanna tveggja er eftir allt nokkuð lík. Guðrúnu var settur mjög afmarkaður rammi í lífinu. Indriði naut meira frelsis og fór, greip tækifærið og víkkaði út sjóndeildarhringinginn með ferðalögum og síðan lífi og starfi í Reykjavík. Þetta var samt ekki einföld ákvörðun fyrir hann og spurningin um hvort hann gerði rétt eða rangt hefur leitað á hann alla ævina ásamt þörfinni á að segja umheiminum frá því lífi sem hann

þekkti í æsku; á ótæknivæddum tímum þegar fólk þurfti að búa sína eigin menningu til sjálft. Þannig vinnur Indriði með tvo heima sem eru ósamræmanlegir.

Það er nú svo að þessi miklu skil sem verða þarna í þjóðfélaginu, þau mæða svona sérkennilega á manni. Yngra fólk þekkir það ekki, en maður finnur á sjálfum sér að maður er stundum eins og gestur í samtímanum. [...] En það er gert af öðrum ástæðum, maður hefur löngun til að vera svolítill skrásetjari á tíðarandann og þessi aldahvörf sem verða í stríðinu eru merkilegustu hlutir sem yfir þessa þjóð hafa gengið. Við erum í allt öðru þjóðfélagi '38 eða '39 heldur en eftir '45. Þeir sem hafa lifað þá breytingu og voru komnir til sémilegs þroska er hún varð, þeir sleppa aldrei við hana (Illugi Jökulsson 1982:16).

Þetta endurspeglast í efnisvali í verkum Indriða og staðsetningu þeirra einnig. Sá sem einu sinni er farinn úr einum heimi yfir í annan ólíkan getur ekki komið til baka og fundið lífi sínu tilgang á fyrri stað eins og ekkert hafi í skorist. Indriði hefur gert sér ljóslega grein fyrir þessu. Hann verður líka fyrir nokkrum vonbrigðum og á köflum óvæginni gagnrýni á ferli sínum þar sem honum finnst hann vanmetinn sem höfundur. Hann telur íslensku menningarmáfuna vera ósjálfstæða og taka m.a. of mikið mið af skandinavíska þjóðfélaginu (Matthías V. Sæmundsson 1985:60).

Vera má að það sé rétt, alla vega hafa ýmsir haldið því fram að Land og synir hafi ekki hlotið verðugan sess, jafnvel vegna þess að höfundurinn var ekki á sömu pólitísku hillu og mektarmenn á sviði bókmennta á hans samtíma. Þá lágu straumar þess heims til vinstri en Indriði hafði bæði verið kenndur við Framsóknar- og Sjálfstæðisflokk. Auk þess starfaði hann sem beittur penni á sviði blaðamennsku og það er þekkt staðreynd að sá sem tekur skýra afstöðu til umdeilda mála getur ekki átt samleið með öllum. Gunnar Stefánsson skrifar svo í minningargrein um Indriða:

Ég leiddi hjá mér margt af pólitískum skrifum Indriða og fannst hann einatt býsna ógætinn þar, lét vaða á súðum og var alls ekki nógu vandur að virðingu sinni í málflutningi á stundum. En pólitísk upphlaup gleymast þegar frá líður. Skáldskapurinn blífur. Án þess að farið sé í mannjöfnuð vil ég staðhæfa að ýmsir þeir höfundar, yngri en Indriði, sem mikið hefur verið hampað, komast í list sagnaskáldsins ekki með tærnar þar sem hann hafði hælana (Gunnar Stefánsson 2000:45).

## 9.2 Örlög og bókmenntir

Niðurstaðan gæti verið sú að hamingjan sé fólgin í því að breyta rétt gagnvart sinni eigin samvisku og að vera sáttur við sitt. Indriði vissi að það hlaut að hafa verið hans leið að fara að heiman. Það var líka innsta þörf Einars í Landi og sonum og hann lét verða af því. En hann kvaddi sveitina sína samt ekki með gleði í hjarta eins og kemur fram þegar hann kveður gamla bæinn á Gilsbakka í síðasta sinn:

[...] og hann varð allt í einu dapur, af því bak við þær dyr sem hann var að loka urðu ár hans eftir og það sem hann hafði lifað. Hann beit á jaxlinn og byrjaði að flýta sér og skellirnir bergmáluðu í myrkum bænum og nístu hann unz engu var meir að loka og ekkert var eftir nema óafturkallanleg þögnin (Indriði G. Þorsteinsson. 2004:142).

Ólafur hefði hins vegar ekki fundið frið í hjarta sínu annars staðar en í sveitinni. Hún var hans staður. Það sjónarmið kemur í raun alveg jafn sterkt fram og skoðun Einars og það sést ekki bara í viðhorfi Ólafs heldur líka Margrétar og Tómasar í Gilsbakkakoti. Freistandi er að bera Ólaf saman við Þorstein Magnússon. Sá síðarnefndi var að vísu rótlaus en samt maður síns tíma, þess sem Ólafur tilheyrir einnig. Og sá heimur var ekki samræmanlegur tækni og hraða 20. aldar. Hvað Indriða varðar má ekki gleyma því að nánast eini atvinnuvegurinn til sveita var landbúnaður og hann hentaði honum ekki. Hann hentaði Einari ekki heldur, hann fann ekki í brjósti sínu þá lífsköllun til búskapar sem faðir hans fann.

En hentaði Guðrúnu að vera húsmóðir? Um það var hún aldrei spurð. Kannski þótti henni ekki gaman að annast heimili, taka á móti gestum, elda mat og hella upp á kaffi. Ef horft er með þeim augum á bækur hennar verða þær samfelld háð og ádeila á kjör kvenna á Íslandi í byrjun 20. aldar. Langflestar önnuðust þær börn og heimili alla ævi og áttu ekki kost á nema í mesta lagi þeirri lágmarksmenntun sem lög um fræðslu barna sögðu til um. Þetta var þeirra hlutverk og því varð ekki breytt. Hafa ber í huga að þegar konur fengu kosningarétt árið 1915 er Guðrún komin hátt á þrítugsaldur. Ætli hugsandi kona eins og hún hafi ekki velt jafnréttismálum fyrir sér? Líklegt er að hún hafi í þeim hugleiðingum fundið sálufélaga í góðum vinkonum sem sáu örlög sín í sama ljósi. Myndin sem hún setur fram í verkum sínum hefur alla vega ekki bara kosti svo líklega var hún ekki sátt og setti sína eigin siðferðisstaðla. Leiða má líkum að því að með henni hafi bæði búið eftirsjá eftir genginni menningu og þrá eftir því sem aldrei varð.

Guðrún skrifar ekki um ákvörðunina um að fara því það gekk ekki upp í hennar lífi. Hún segir fólki sögur og skrifar um það svið sem hún þekkir best þegar hún lítur til baka komin hátt á sextugsaldurinn. Þá hafði hún skrifað í felum alla ævina og hugsað því meira. Hún segir sögu með skýrri söguframvindu. En þar má einnig finna margs konar skoðanir sem settar eru fram með lífi, orðum og gerðum persónanna. Hún skrifar vissulega um liðinn tíma í ákveðnum ljóma en gagnrýnir hann um leið. Og svo glögg er sagt frá að nánast er um sagnfræðilegar heimildir að ræða.

### 9.3 Viðurkenning – hvers?

Sú rödd sem heyrir í Dalalífi er því rödd þess sem aldrei fór – var kyrr í sveitinni, þekkir hana best og vinnur með hana í verkum sínum. Eina ferðalag Guðrúnar var langferð í tíma, þar sem sveitalífið gjörbreyttist á hennar ævi, frá lífi í torfkofum og myrkri til nútímalegri háttu. Hún var fædd í einangruðum afdal og dvaldi þar fram að 11 ára aldri. Þegar hún kemur fram að ströndinni talar hún um að þar hafi verið allt annað andrúmsloft; mikið meira um að vera. Hún býr síðan allan síðari hluta ævi sinnar á Sauðárkróki, í þorpi við strönd.

Indriði mótar ritstíl sinn nálægt hringiðunni, meðvitaður um ríkjandi tíma í bókmenntasögunni. Bækur Guðrúnar voru hins vegar skrifaðar í kyrrlátum og tiltölulega einangruðum heimi, þótt höfundur þeirra væri vissulega víðlesinn. Fyrir þessar sakir meðal annars var um þær fjallað með fyrirfram gefnum forsendum. En vinsældir hennar meðal lesenda voru ótvíræðar. Svo segir Þorsteinn M. Jónsson í grein um bækur Guðrúnar árið 1957:

Jafnvel skáld, sem lítið hafa skrifað og fáir lesa bækur eftir, fá æðri sæti á skáldabekknunum, en Guðrún frá Lundi. Eitthvað hefur henni þó verið þokað frammar, eftir því sem bækur hennar [svo] hafa fjölgað, en á meðal góðskálda er henni ekki enn skipað sæti. Ég hef orðið þess var, að ýmsir menn telja engar bækur góðar, nema þær séu eftir höfunda, sem hafa fengið opinbera viðurkenningu, sem miklir rithöfundar, svo sem Nobelsverðlaun eða vera settir í fremstu sætin hjá nefndinni, sem úthlutar rithöfunda- og listamannastyrkjum. Þessir menn telja bækur Guðrúnar frá Lundi lélegar, en ógjarnan vilja þeir rökræða um þær, af þeirri góðu og gildu ástæðu, að þeir hafa ekki lesið þær. En þrátt fyrir þetta stækkar einlægt lesendahópur bóka Guðrúnar frá Lundi, þótt hún njóti ekki stuðnings neins stjórnmalaflokks, trúarstefna, annarra rithöfunda eða nefndar þeirrar, sem úthlutar skáldastyrkjum (Þorsteinn M. Jónsson 1957:8).

## 10. Lokaorð

Meginniðurstaða þessarar ritgerðar er að söguskáldin tvö eiga það sameiginlegt að hugsa með trega en þó ákveðnu raunsæi til liðinna tíma. Svo segir Indriði G. Þorsteinsson:

Það eru þessir ljúfu hlutir, þetta hæga líf. Það er verið að gefa kúnum, það er verið að hleypta þeim út og reka þær og hrossin eru í haganum og þarna eru kannski tveir eða þrír hestar sem eru bara eins og heimilisvinir og eru á álíka háum standard og fólkið sjálft sem maður er með í höndunum í þessum bókum. Þessi mikla nærvera við allt sem lifir. Náttúran andaði í eyrað á manni, hún var allt í kringum mann. ...Allt er þetta týnt og farið og þetta er mórauði hundurinn sem liggur á dyramottunni (Illugi Jökulsson 1982:16).

Þarna á Indriði við baráttuna við melankólíuna eins og fram kemur í tilvitnun hér í upphafi. Gamli tíminn hefur þannig fylgt honum allt hans líf. En smám saman lærði hann að kljást við hundinn á dyramottunni, en mórauður litur hans undirstrikar ógnun fyrirbærisins. Ekki er vitað hvort Guðrún átti sér slíkan hund. En hún gerði aldrei kröfur um annað en sitt hlutskipti og vann það besta úr því sem hún hafði. Hún hafði alla vega kraft til að skrifa rúmlega 8.000 blaðsíður á ritferli sínum.

Guðrún var jarðsett í kirkjugarðinum á Sauðárkróki, skammt frá Freyjugötu 5. Við andlát sitt bað Indriði um að fá að vera lagður til hinstu hvílu við hlið föður síns í Goðdalakirkjugarði. Að leiðarlokum hvíla þau því bæði í Skagafirði.

Það var þá eftir allt ekki spurningin um annan kirkjugarð.

## 11. Eftirmáli

Vinnsla þessarar ritgerðar hefur gefið undirritaðri dýrmæta innsýn í samtíma og hugsun Guðrúnar frá Lundi og Indriða G. Þorsteinssonar. Sú viðkygning mun seint gleymast. Efst í huga er þakklæti fyrir að hafa fengið tækifæri til að kynna sér þessi tvö úrvals bókmenntaverk til hlítar. Það var gert með aðstoð leiðbeinanda sem gaf mikilvæg leiðarljós um opinn huga og ferska nálgun. Vonandi er það dómur lesenda að það hafi tekist.

Öllum þeim sem veittu stuðning við ritsmíðina eru færðar innilegar þakkir fyrir verðmætt innlegg. Við verklok er Skagafjörður kvaddur að sinni.

Gert í Borgarnesi, júlí-deseember 2009

Guðrún Jónsdóttir



## 12. Heimildaskrá

- Andrés Kristjánsson. 1963. Land og synir. *Tíminn*, 22. desember.
- Árni Björnsson. 1996. Hvað merkir þjóðtrú? *Skírnir* 170. Ár (vor). Bls. 79 –104. Hið ísl. bókmenntafélag, Reykjavík.
- Árni Gunnarsson. 1996. *Skagfirskar æviskrár II. Tímabilið 1910-1959*. Bls. 185-188. Umsjón og ritstjórn Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkrókur.
- Bergsteinn Jónsson og Björn Þorsteinsson. 1991. *Íslandssaga til okkar daga*. Sögufélag, Rvk.
- Bergsteinn Sigurðsson. 2009. [Viðtal]. *Fréttablaðið*, 7. nóvember.
- Bjarni Benediktsson frá Hofteigi. 1955. Sjötíu og níu af stöðinni. *Þjóðviljinn*, 13. mars.
- Dagný Kristjánsdóttir. 2006. Blessuð sértu sveitin mín. *Íslensk bókmenntasaga IV. bindi*. Bls. 520-563. Mál og menning, Rvk.
- Einar Hjörleifsson. 1890. Ný bók. *Lögberg*, 19. mars.
- Erlingur Davíðsson. 1967. Stutt heimsókn til Guðrúnar frá Lundi [viðtal]. *Tíminn jólablað*, 20. desember.
- Erlingur Davíðsson. 1986. Indriði G. Þorsteinsson [viðtal]. *Aldnir hafa orðið* 15. bindi. Bls. 9-55. Bókaútgáfan Skjaldborg, Akureyri.
- Freysteinn Jóhannsson. 1972. Kerling eins og ég má ekki skrifa svona mikið [viðtal]. *Morgunblaðið*, 3. júní.
- Gísli Magnússon. 1964. Þórey Sigmundsd. Hansen. Minning. *Tíminn*, 11. janúar.
- Guðmundur Andri Thorsson o.fl. 2006. Inngangur. *Íslensk bókmenntasaga IV. Bindí*. Bls. 11-18. Mál og menning, Rvk.
- Guðmundur Jósafatsson. 1975. Guðrún frá Lundi. *Íslendingaþættir Tímans*, 27. september.
- Guðrún frá Lundi. 2000. *Dalalíf I-V*. Mál og menning, Rvk.
- Gunnar Stefánsson. 2000. *Morgunblaðið*, 12. september.
- 2005. Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur. *Skagfirðingabók XXX. árg.* Bls. 7-86. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki.
- Gyrðir Elíasson. 1997. *Vatnsfólkið*. Mál og menning, Rvk.
- Hallberg Hallmundsson. 1992. Skafl beygjattu skalli. Formáli. *Sjötíu og níu af stöðinni*. Reykholt hf, Rvk.
- Halldór Laxness. 2002. Skeggræður gegnum tíðina [viðtal]. *Lesbók Morgunblaðsins*, 20. apríl.
- Helgi Konráðsson. 1952. „Kunningjar hennar úr væntanlegum skáldsögum voru henni til skemmtunar við heimilisstórfín.“ [Viðtal] *Morgunblaðið*, 24. desember.
- Hólmfríður Gunnarsdóttir. 1975. Myndir úr lífi Dalafólksins [viðtal]. *Lesbók Morgunblaðsins*, 13. júlí.
- Illugi Jökulsson. 1982 [viðtal]. *Tíminn*, 28. mars.
- Indriði G. Þorsteinsson. 1968. Peningar Guðrúnar frá Lundi. *Tíminn*, 6. október.
- 1971. Ingigerður Magnúsdóttir. *Íslendingaþættir Tímans*, 30. desember.
- 1985. Vísur Skagfirðings. *Skagfirðingabók*, 14. Bls. 148-174. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki.
- 1997. *Söngur lýðveldisins – um félagsskap við menn*. Skjaldborg, Rvk.
- 2004. *Land og synir (Tímar í lífi þjóðar)*. Vaka – Helgafell, Rvk.
- Iser, Wolfgang. 2000. The reading process: a phenomenological approach. *Modern Criticism and theory*. Pearson Education Limited, Harlow.
- Jakob Benediktsson (ritstj.). 1998. *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, Mál og menning, Rvk.
- Jóhanna Kristjónsdóttir. 1982. Geisað og hneggjað hjá Guðrúnu. *Morgunblaðið*, 12. desember.
- Jón Kalman Stefánsson. 2009. Sögulaus þjóð mun glatast. *Lesbók Morgunblaðsins*, 17. október.
- Jónas Jónsson. 1961. *Íslenskir þjóðhættir*. Ísafoldarprentsmiðja, Rvk.
- Jónas Kristjánsson. 1955. Indriði G. Þorsteinsson. Sjötíu og níu af stöðinni. *Skírnir*, 129. ár. Bls. 202-205. Hið ísl. bókmenntafélag, Rvk.
- Kristján B. Jónasson. 1998. Rödd úr hátalara, skilaboð í tóttarvegg. *Andvari*, 123. ár. Bls. 104-125. Hið íslenska þjóðvinafélag, Rvk.
- 2004. Formáli. *Tímar í lífi þjóðar*. Bls. 7-15. Vaka-Helgafell, Rvk.
- Lög um uppfræðing barna í skript og reikningi. 1888 [sett 1880], 9. janúar. *Lagasafn handa alþýðu. III. bindi* (1872-1886). Bls. 229-230. Magnús Stephensen og Jón Jensson, Rvk.
- Oddur Ólafsson. 1964. Þær settu svip á bókaflóðið. *Alþýðublaðið*, 24. desember.
- Ólafur Jónsson. 1963. Land og synir. *Alþýðublaðið*, 8. desember.
- Magnús Sigurjónsson. 2000. *Morgunblaðið*, 12. september.
- Matthías Johannessen. 2000. *Morgunblaðið*, 12. september.
- Matthías V. Sæmundsson. 1985. Útlagi í tímanum [viðtal]. *Stríð og söngur*. Bls. 37-62. Forlagið, Rvk.
- Marín Guðrún Hrafnadóttir. 2000. Formáli. *Dalalíf*. Bls. I-VIII. Mál og menning, Rvk.

- Morgunblaðið*. 1960. Auglýsing. 24.04.  
 — 1960. Auglýsing. 21.12.  
 Njörður P. Njarðvík. 1964. Fardagar á hausti. *Vísir*, 3. janúar.  
 Sigríður Jónsdóttir. 1980. Jónína Árnadóttir Sauðárkróki. *Morgunblaðið*, 29. nóvember.  
 Sigurbjörn Einarsson. 1945. Hin nýja skáldsaga Elínborgar Lárusdóttur. *Alþýðublaðið*, 19. desember.  
 Sigurður A. Magnússon. 1964. *Lesbók Morgunblaðsins*, 22. nóvember.  
 Sigurjón Björnsson. 2008. Guðrún frá Lundi og sögur hennar. *Skagfirðingabók 31*. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki.  
 Steingrímur Sigurðsson. 1955. Um „Sjötíu og níu af stöðinni“ og „múgrænu í íslenskri sögugerð.“ *Stefnir*. Samband ungra Sjálfstæðismanna. Rvk.  
 Vésteinn Ólason. 1981. Frá uppreisn til afturhalds. *Skírnir 155. ár*. Bls. 79–104. Hið ísl. bókmenntafélag, Rvk.  
 Þorsteinn M. Jónsson. 1957. Tólf bækur á tólf árum. *Tíminn*, 1. nóvember.

### **Munnlegar heimildir og viðtöl**

- Brynjar Pálsson. 2009. Viðtal höfundar við Brynjar Pálsson um minningar hans um Guðrúnu frá Lundi, 9. október.  
 Kristín Marja Baldursdóttir. 2009. Viðtal Egils Helgasonar við Kristínu Mörju Baldursdóttur. *Kiljan*. Ríkissjónvarpið. 4. nóvember.  
 Jón Ormar Ormsson. 2009. Viðtal höfundar við Jón Ormar Ormsson um Indriða G. Þorsteinsson og Guðrúnu frá Lundi. 31. október.  
 Jónína Björg Ingólfssdóttir. 2009. Viðtal höfundar við Jónínu Björgu Ingólfssdóttur um Guðrúnu frá Lundi. 30. október.

### **Óprentaðar heimildir**

- Ministerialbók Hvamms- og Ketusókna. 1910. [Héraðsskjalasafn Skagafjarðar].

### **Svar við fyrirspurn**

- Landskerfi bókasafna – Gegnir. 2009. Svar við fyrirspurn sent í tölvupósti. 2. nóvember.

### **Vefslóðir**

- Héraðsbókasafn Skagfirðinga. [án árs]. [http://www.skagafjordur.is/displayer.asp?cat\\_id=399](http://www.skagafjordur.is/displayer.asp?cat_id=399). Um Guðrúnu frá Lundi. Skoðað 10. september 2009.  
 — [án árs]: <http://skjalasafn.skagafjordur.is/lausavisur/visur.php?VID=2415>. Skoðað 24. ágúst 2009 (lausavisur eftir Angantý Jónsson).  
 Sveitarfélagið Skagafjörður. [án árs]. [http://www.skagafjordur.is/displayer.asp?cat\\_id=2](http://www.skagafjordur.is/displayer.asp?cat_id=2). Skoðað 31. október 2009.